



Brúarstræti og Miðstræti heita göturnar í nýja miðbænum

Torgið sunnan við mjólkurbúshúsið hefur verið lækkað niður að hluta, skjól aukið og beinn aðgangur gerður að veitingastöðum. Tröppurnar geta líka virkað sem ágætis áhorfendapallar fyrir minni uppákomur á góðviðrisdögum.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti samhljóða á fundi sínum sl. fimmtudag, tillögu frá Sigtúni Þróunarfélagi að nýju göturnar tvær í miðbænum muni heita Brúarstræti og Miðstræti.

Sigtún Þróunarfélag óskaði á sínum tíma eftir tillögum frá bæjarbúum um nöfn á þessum tveim-

ur götum á Facebook, en þær hafa hingað til verið kallaðar A-gata og B-gata í deiliskipulagsferlinu.

Þátttaka var góð og margir stungu upp á þessum tveimur götuheitum. „Þau eru falleg, látlaus og skýra sig vel sjálf; Brúarstræti liggur í beinu framhaldi af Ölfusárbrúnni og Miðstræti þvert

á hana í miðjum miðbæjarkjarnanum. Í fyrri hluta götunafnanna felst þannig skýr vísbending um staðsetningu þeirra, auk þess sem „stræti“ gefur til kynna þann miðbæjarbrag sem sóst er eftir með deiliskipulaginu“, segir Guðjón Arngrímsson hjá Sigtúni Þróunarfélagi.



Stjórnsýsluúttekt í Árborg kynnt

Á síðasta ári gerði Haraldur L. Haraldsson úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum hjá Sveitarfélaginu Árborg. Í kjölfarið vann hann skýrslu sem nú hefur verið gerð opinber. Hluti skýrslunnar var kynntur á íbúafundi fyrir nokkru. Skýrslan var ekki birt fyrir en bæjarfulltrúar og aðrir höfðu fengið tækifæri til að kynna sér innihald hennar.

Á vef Árborgar segir m.a.: „Í skýrslunni eru settar fram 132 tillögur um mögulegar breytingar

í rekstri og skipuriti Sveitarfélagsins Árborgar. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum, 27. febrúar, að tillögum skýrslunnar verði vísað til úrvinnslu hjá bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, í samstarfi við starfsfólk sveitarfélagsins og þeim falið að leggja fram fyrir næsta fund bæjarstjórnar tímasetta aðgerðaráætlun þar sem því verður lýst hvernig brugðist verður við tillögnum og unnið úr þeim.“

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ flytja á Laugarvatn

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ verða opnaðar í íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni í haust. Íþrótt- og ungmennafélög fá einnig tækifæri til að nýta sér aðstöðuna í húsinu.

UMFÍ hefur starfrækt Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal frá árinu 2005 fyrir nemendur 9. bekkjar grunnskóla. Nemendurnir dvelja í búðunum viku í senn. Þar er lögð áhersla á útiveru og félagsfærni. Aðsóknin hefur aukist á hverju ári og eru 2.100 nemendur úr meira en 50 grunnskólum víða af landinu bókaðir á þessum vetri.

Ungmennabúðirnar flytja á Laugarvatn í sumar. Framkvæmdir standa yfir í íþróttamiðstöðinni til að gera hana klára fyrir haustið. Allt er í göngufæri á Laugarvatni en frá íþróttamiðstöðinni eru aðeins nokkur hundruð metrar

í íþróttahús og sundlaug og margvíslega aðra þarfa aðstöðu.

Bláskógabyggð og UMFÍ munu skrifa undir samninga fimmtudaginn 7. mars kl. 15 í íþróttamiðstöðinni að Hverabraut 6-8 á Laugarvatni.



Ný sýning í Gallerí undir stiganum


Ný sýning eftir Þórunni Báru verður opnuð í Gallerí undir stiganum á Bæjarbókasafni Ölfúss 7. mars kl. 17.

Þórunn Bára hefur síðastliðinn áratug unnið með verk sem hafa tilvísun í þróun lífríkis og jarðfræði Surtseyjar. Hún vinnur stór litrík verk með óræðum formum í þeirri trú að það stöðvi tímann eitt augnablik og dragi úr streitu í innra samtali manns við hversdagslega náttúru. Hún leitar að undirliggjandi formgerð í óreiðu lifandi náttúru sem hún túlkar í myndmáli sínu.



Hluti málverks eftir Þórunni Báru sem er tilvísun í lífríki Surtseyjar.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi · Sími 699 1985 · 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



EYJAKVÖLD Á SELFÖSSI
Í HVÍTAHÚSINU
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 8. MARS KL. 21.00
TEXTUMVARPAÐ Á UPP VEGG
SVO ALLIR GETA
SUNGID MEÐ AF FULLUM STYRK!!!
ALLIR VELKOMNIR
HVÍTA HÚSIÐ
BLÍTT OG LÉTT
HÓPURINN

82% Sunnlendinga
lesa Dagskrána í hverri viku



*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SÍÐURILANDS

Sími 482 1944 | auglysingar@dfs.is

BETRI DEKK BESTA VÖRNIN

**Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is**



Létt og skemmtilegt á Vetrarleikum FSu



Thelma Dögg Tómasdóttir, sigurvegari í töltkeppni á Takti frá Torfunesi.

Vetrarleikar FSu voru haldnir á Kátum dögum Fjölbrautaskóla Suðurlands á félagssvæði Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi fyrir skömmu. Þrátt fyrir smá rigningu og erfitt færi vegna ísingar á vellinum tókst framkvæmdin vel. Kom það í hlut nemenda á fyrsta ári á hestabraut að standa að því að halda mótið og gekk það vel hjá þeim sem og allur undirbúningur og framkvæmd mótsins

Mótið var létt og skemmtilegt og mikið af flottum verðlaunum í báðum greinum. Þátttökurétt áttu allir nemendur sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Þátttaka var góð á mótinu en

21 keppandi var skráður til leiks og komust 9 efstu knaparnir áfram og kepptu til úrslita. Átta knapar kepptu í mjólkurtölti, en þar fá keppendur fullt glas af mjólk og er markmiðið að stjórna hestinum með annarri hendi og halda á glasinu með hinni og þannig komast hringinn með sem mest magn af mjólk enn í glasinu.

Úrslitin fóru þannig

Tölt

1. Thelma Dögg Tómasdóttir og Taktur frá Torfunesi, 2. Kári Kristinsson og Grímar frá Eyrarbakka og 3. Svanhildur Guðbrandsdóttir og Akkur frá Holts-

múla. Í annarri umferð voru það svo: 1. Kristín Hrönn Pálsdóttir og Gaumur frá Skarði, 2. Dagbjört Skúladóttir og Gljúfri frá Bergi, 3. Stymir Snær Jónsson og Gjóska frá Böðmöðsstöðum 2, 4. Jónína Baldursdóttir og Óðinn frá Kirkjuferju, 5. Katrín Ósk Kristjánsdóttir og Mist frá Miðey og 6. Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir og Breki frá Sólheimum.

Mjólkurtölt

1. Dagbjört Skúladóttir, 2. Aníta Rós Róbertsdóttir og 3. Jónína Baldursdóttir

Verðlaun fyrir reiðmennsku
hlaut Thelma Dögg á hestinum
Takti frá Torfunesi. Einnig voru
veitt verðlaun fyrir efnilegasta
parið og þau verðlaun hlutu
Svanhildur Guðbrandsdóttir
og Akkur frá Holtsmúla.

Vinningar voru fjölmargir og er eftirtöldum styrktaraðilum þakkað kærlega fyrir stuðninginn: Hestamannafélagið

Sleipnir, Nemendafélag FSu, Kjörís, Baldvin og Þorvaldur, Jötunn Vélar, Byko, Fóðurblandan, Hótel Selfoss, Kaffi Krús, Tryggvaskáli, Snyrtistofan Eva, MS Mjólkursamsalan, Subway, Pylsuvagninn og Bíóhúsið.

Verktakaréttur

Á verk tíma byggingarframkvæmda getur verk tekið breytingum. Þetta geta verið allt frá byggingarleyfisskyldum breytingum til annarra minniháttar breytinga sem nauðsynlegar eru til þess að verktaki geti lokið verki samkvæmt samningi. Um breytingar á verki er oft vísað í aukaverk en hugtakið þekkja verktakar vel og er það oft notað um verk sem verktaki þarf að taka að sér umfram það sem upphaflega var lagt upp með.

Munur er á því hvort verk telst í raun vera aukaverk eða viðbótarverk. Ef litið er á skilgreiningar á hugtökunum í IST30 má sjá að aukaverk er skilgreint sem: „Þau verk eða verkþættir sem óhjákvæmilegt er að framkvæma til að unnt sé að ljúka verksamningi en ekki



er getið um í verklýsingu og/eða magn-töluskrá.“ Til sam-anburðar eru við-bótarverk skilgreind

sem: „Þau verk eða verkþættir sem verkkaupi óskar eftir að framkvæmd verði, og ekki lá fyrir ákvörðun á útboðsstigi um að framkvæma og ekki er nauðsynlegt að framkvæma til þess að unnt sé að ljúka við verkssamning.“

Bæði hugtökin ná yfir aukið umfang verktaka frá því sem upphaflega var lagt upp með. Markmiðið með aukaverki er að bæta verktaka kostnað sem óhjákvæmilega stofnast með

auknu umfangi. Í dómaframkvæmd hefur oft reynt á hvort um aukaverk sé að ræða en helstu álitæfnin sem skoðuð eru, er hvort viðkomandi verkþáttur sé í raun aukaverk eða eðlilegur hluti af verki og hvort tilkynning um aukaverk hafi farið fram með réttum hætti. Viðbótarverk er í eðli sínu annað og gengur út á að verkkaupi bætir við verkþáttum sem jafnvel geta verið ótengdir umsömdu verki. Hvort sem um aukaverk eða viðbótarverk er að ræða borgarþað sig fyrir báða aðila að samið sé jafnóðum um umfang verks, verð og lengd verk tíma.

Andri Björgvin Arnþórsson,
lögfræðingur hjá Lögvernd Lög-
mannsstofu.

www.verktakarettur.is

Nótt í féló í Hveragerði

Krakkarnir í Félagsmiðstöðinni Skjálftaskjöli Hveragerði tóku sig saman og áttu „Nótt í Féló“. Viðburðurinn fór að sögn aðstandenda ákaflega vel fram og krakkarnir eiga hrós skilið fyrir frábæran viðburð. Meðal þess sem tekið var sér fyrir hendur var pizzaveisla, sund-

laugarpartý í Laugarskarði, settur upp Lazer- tag völlur í íþróttahúsinu. Hluti krakkanna var fram til miðnætis en aðrir voru alla nóttina. Lítið var um svefn þessa nóttina en þess meira fjör. Krakkarnir fóru al- sælir heim á leið eftir frábæra samveru.





HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

**HAMBORGARI, FRANSKAR & KOKTEILSÓSA
Á ADEINS 1099 KRÓNUR!**

**SELFOSSI
SKALLI**
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFOS
SÍMI: 483-1111



HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

**LÍTIL PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM
Á ADEINS 1099 KRÓNUR!**

**SELFOSSI
SKALLI**
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFOS
SÍMI: 483-1111

Selfyssingar á Heimsleikunum Special Olympics

Heimsleikar Special Olympics verða haldnir 14.-21. mars nk. í Abu Dhabi og Dubai. Alls munu 38 íslenskir keppendur taka þar þátt í 10 greinum en alls er keppt í 24 íþróttagreinum á mótinu. Leikarnir verða stærsti íþróttaviðburður heims árið 2019 en þar verða 7.000 keppendur frá 192 þjóðum.

Tveir keppendur frá íþróttafélaginu Suðra voru valdir til þátt-töku í leiknum. Það eru þær María Sigurjónsdóttir og Valdís Hrönn Jónsdóttir sem munu keppa í lyftingum. Auk þeirra fer þjálfari þeirra Örvar Arnarson með. Valdís og María hafa æft lyftingar í nokkur ár, eru samviskusamar og í stöðugri framför.

Samtökin Special Olympics International (SOI) voru stofnuð af Kennedy-fjölskyldunni árið 1968 og hafa meðlimir hennar ávallt verið í forsvari fyrir samtökin. Markmið SOI er að standa að íþróttaviðburðum fyrir fólk með þroskahömlun eða frávík, þar sem virðing og jafnræði ríkir. Engin lágmörk þarf á leikana



Valdís Hrönn og María ásamt Örvari þjálfara.

og eiga allir sömu möguleika á verðlaunum. Undanfarin ár hefur SOI einnig lagt áherslu á „unified“ greinar en þær byggjast á æfingum og keppni fatlaðra og ófatlaðra og verða fjölmargar slíkar á þessum leikum.

Áhrif Kennedy-fjölskyldunnar koma fram í starfi samtakanna sem hafa náð gífurlegri útbreiðslu. Um fimm milljónir iðkenda eru skráðir hjá SOI en auk íþróttastarfs hafa samtökin verið öflug í baráttu á heimsvísu

fyrir því er varðar bætt lífsgæði, menntun og heilbrigðismál.

Heitið Special Olympics er alþjóðaheiti sem má aldrei þýða sem ólympíuleika fatlaðra en þeir heita Paralympics og þar er krafa um lágmörk í keppnisgreinum.

Við óskum þremmenningunum góðrar ferðar og góðs gengis á stærsta íþróttamóti heims árið 2019.

Þorbjörg Vilhjálmsdóttir

Tomasz Luba í Selfoss

Knattpyrnudeild Selfoss hefur gert eins árs samning við pólska varnarmanninn Tomasz Luba og mun hann leika með liði félagsins í 2. deildinni í sumar.

Luba, sem er 32 ára gamall, lék síðast með Víkingi Ó í Pepsi-deildinni sumaríð 2017 áður en hann lagði skóna á hilluna og sneri sér að þjálfun. Hann hefur leikið lengi á Íslandi, fyrst með Reyni Sandgerði en síðan í átta ár með Víkingi Ó, þar af þrjú tímabil í Pepsi-deildinni. Það er mikill fengur fyrir ungt lið Selfoss að fá þennan reynslumikla leikmann í hjarta varnarinnar.



F.v.: Kristján Elí Ögmundsson, Aron Logi Danielsson, Davíð Bogi Sigmundsson, Hróar Indriði, Þorbjörn Schacht og Snorri Steinn Guðnason.

Góð skemmtun á Góumótinu

Góumót Júðofélags Reykjavíkur var haldið seinustu helgina í febrúar og var það næstfjölmennasta Góumótið sem haldið hefur verið síðan 2013 en mjög mikil gróska er í barna- og unglingastarfi flestra félaga eins og þessi þátttaka staðfestir.

Það er gaman að því að Selfyssingar voru fjölmennastir á mótinu með 24 keppendur. Góumótið er keppni yngstu iðkendanna (8–10 ára) en í ár

var einnig keppt í U13 og U15 og allir keppendur fá verðlaun fyrir þátttökuna. Iðkendur er raðað saman eftir aldri og þyngd eins og venja er en einnig keppa stúlkur og drengir stundum saman í flokkum.

Mótið var frábær skemmtun og iðkendur sýndu ótrúlega flott júdó miðað við ungan aldur. Nánari upplýsingar um mótið má finna á www.selfoss.net.

Ljósmyndir frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss



Matgæðingur vikunnar er Helgi Bárðarson.

Ég veit hvað þú ert að hugsa, lesandi góður, þú ert að horfa á myndina og hugsa: Hvor er hvað? Ég skal gefa þér vísbendingu: Ég er þessi sem er mínúttunni eldri og sentimetrinum lægri.

Já, það er nefnilega bara þannig, Sunnlenski matgæðingurinn! Eftir öll þessi ár sem dyggur lesandi Dagskrárinnar, verandi þökkalegur í tölfraði, hefði ég nú geta sagt mér að líkurnar voru orðnar ansi miklar á því að minn tími væri kominn. Hef satt best að segja farið Huldu höfði til að reyna að sleppa við þessa áskorun því ekki er ég góður í eldhúsinu. Ég hef nefnilega erfitt mína hæfileika í eldhúsinu frá föður mínum en ekki móður minni. Með fullri virðingu fyrir pabba þá eru þeir hæfileikar ekkert að fleyta okkur langt, í mesta lagi upp að fiskibollum í bleikri sósu, lengra náum við ekki.

Ég elda heima hjá mér þegar húsmóðirin er að vinna lengur á kvöldin og er þá aðallega að hugsa um að koma einhverju fæði ofan í börnin mín svo þau fari ekki svöng að sofa. Ég ákvað því að spyrja þau hvað þeim þætti best af því sem ég elda handa þeim. Svárið kom nokkuð fljótt en það var hakk og spaghettí. Það að svarið hafi komi fljótt þýðir einfaldlega að um fátt hafi verið að velja, ekki af því að þessi réttur beri af hinum. En fyrst að þeim líkar hann þá gæti ég nú alveg leyft ykkur að prófa líka, þ.e.a.s ef þið þorið.

Það sem þarf í þennan rétt er eftirfarandi:

Ungnautahakk
Spaghettí
Tómatsósa
BBQ-sósa
Steiktur laukur
Salt
Krydd

Þið takið eftir að ég er ekki að gefa upp magn en það er byggt á því að ég er verkfræðingur og þið hafið heyrt brandarann um verkfræðinginn, stærðfræðinginn og eðlisfræðinginn sem voru að metast um það hvað 3 + 3 væri. Hann gengur út á það að stærðfræðingurinn og eðlisfræðingurinn eru mjög



Helgi Bárðarson, sá eldri.

nákvæmir á meðan við verkfræðingar vitum alveg að 3+3 er 6 en við höfum það alltaf 9 til öryggis. Ég er því ekkert að gefa upp magn hér, það myndi bara misskiljast.

Aðferðin við að útbúa þennan rétt er svo ekki flókin:

Setjið vatn í pott til að sjóða spaghettíð. Magn af spaghettí sem fer í réttinn verðið þið sjálf að finna út. Er sjálfur löngu búinn að setta mig við að magnið er aldrei akkúrat rétt, það er alltaf annað hvort of lítið magn eða of mikið magn.

Ég bæti svo út í pottinn smá olíu svo að spaghettíð festist ekki saman og dass af salti til að bragðbæta.

Meðan spaghettíð sýður byrjið á því að brúna hakkið á pönnu. Ég krydda það sjálfur með Kød og grill og Season all. Eins og ég sagði, ég er bara ekki lengra kominn en þetta.

Rétt áður en hakkið verður allt brúnt bætið þá steiktum lauk við. Ég nota steiktan lauk því að börnin samþykkja ekki hráan lauk. Ég strá lauknum rétt yfir yfirborðið á pönnunni sem sagt ekki of mikið magn.

Þegar hakkið er brúnað lækkið þá undir pönnunni og bætið slatta af tómatsósu út á hakkið.

Ekki gleyma spaghettíinu það er enn þá að sjóða sko!

Bætið svo BBQ-sósu við eftir smekk. Ekki of mikið því þá verður hakkið of sætt.

Þegar spaghettíð er orðið soðið, al dente, þá má taka það af og sigta vatnið frá í þar til gerðu íláti með götum.

Herlegheitin eru svo borin fram enn þá á pönnunni og í skál.

Ef við viljum virkilega gera vel við okkur þá fáum við okkur einnig kartöflumús. Ég geri hana beint upp úr pakka ef þú varst að spá í það, lesandi góður.

Mig langar svo að skora á frænda minn hann Kristján Jens Rúnarson. Ég veit að faðir hans er meistarakokkur og því væri fróðlegt að sjá hvort hann hafi ekki erfitt hæfileikann frá föður sínum líkt og ég frá föður mínum. Annars þakka ég bara kærlega fyrir mig. Munið svo bara að vera góð við hvert annað, það kostar ekkert.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjórn: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.

Blaðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Þrýði er á hestum hann,
hylur líka konubríjóst,
fyrir ofan ökumann,
efst á fjalli, það er ljóst.

Svar við gátu í blaði 2488: HÆLL.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Á SELFOSSI



7. mars klukkan 20.00
Hótel Selfoss



Ég, ásamt þingmönnum VG, verð með opinn fund á Selfossi.

Við ætlum að ræða stjórnarsamstarfið, hvað hefur áunnist og hver verkefnin eru framundan. Þá förum við yfir stöðuna á vinnumarkaðnum og í efnahagslífinu.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest og hlökkum til að taka þátt í líflegri umræðu með ykkur.

Katrín Jakobsdóttir

100 ára, hvað svo?

Málþing um gildi félagasamtaka í samfélögum

9. mars 2019.

Félagsheimilið Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi

100 ára, hvað svo? er málþing um gildi frjálsra félagasamtaka í samfélögum í dag, haldið í tilefni 100 ára afmælis Kvenfélags Grímsneshrepps á árinu 2019. Eru frjáls félagasamtök barn síns tíma eða er þörfin fyrir þau jafnmikil í dag og fyrir 100 árum?

Ávarp: Forseti Íslands - Hr. Guðni Th. Jóhannesson

Fundarstjóri er Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla.

Dagskrá:

10.15 Húsið opnar, heitt á könnunni

10.30 Setning

Að liða vel í hjartanu - Ingrid Kuhlman, þjálfari, ráðgjafi og framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

Gildi sjálfbæðaliða fyrir samfélög - Helgi Kjartansson, Oddviti Bláskógabyggðar og þátttakandi í ungmenna- og íþróttastarfi í gegnum tíðina.

Kvenfélög í fortíð og framtíð - Guðrún Þórðardóttir, kvenfélagskona og forseti KÍ.

Fjölskyldulíf og virkni í félagsstarfi fer það saman? - Halldóra Hjörleifsdóttir, félagi í björgunarsveit, kvenfélagi og oddviti Hrunamannahrepps.

11.40 Kaffihlé

Hvenær er sælla að þiggja en gefa? - Anna María Snorradóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Pallborðsumræður

13.00 Málþingi slitið



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Allir velkomnir! Aðgangur ókeypis.



KARLAKÓRINN HEIMIR

heldur tónleika í *Skálholtskirkju*
laugardaginn 16. mars kl. 13.00 & í
Selfosskirkju sama dag kl. 17.00.

- Fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá

Stjórnandi: Stefán R. Gíslason Undirleikari: Thomas R. Higgerson

Miðar seldir við innganginn - Miðaverð kr. 4.000



Hvað er svona merkilegt? Karlakvöld Bókabæjanna – konur velkomnar!

KVÖLDSTUND HELGUÐ KARLABÓKMENNTUM (HVAÐ ER ÞAÐ?).

Tryggvaskála fimmtudagskvöldið 7. mars kl. 19:00

Fyrirlestrar

- » „*Ofdýrkun karlmennskunnar*“. Elías Mar og karlmenskukomplexar eftirstríðsáranna.
- Ásta Kristín Benediktisdóttir doktorsnemi í almennri bókmenntafræði.
- » Áhrif *Undir fána lýðveldisins* á karlmennsku í íslenskum stríðssögum.
- Einar Kári Jóhannsson M.A. í almennri bókmenntafræði.

Pallborðsumræður

Rithöfundarnir Auður Ava Ólafsdóttir, Bjarni Harðarson, Hallgrímur Helgason og Ragnar Jónasson sitja í pallborði og ræða hugtakið „karlabókmenntir“ við spyrta og gesti.

Leiklist

Ingólfur Arnarsson og Álfheiður Österby flytja brot úr uppfærslu Leikfélags Ólfuss á Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson.

Tónlist

Köttur í vanskilum, bræðurnir Gústav og Ólafur Stolzenvald, flytja kontraktvæði.

KAFFI OG KONFEKT Í BODI BÓKABÆJANNA. BARINN OPINN.

Kynnir kvöldsins verða Harpa Rún Kristjánsdóttir og Jón Özur Snorrason.



HEILSUHORN HSU

Nýtt fræðsluefni í heilsuvernd skólabarna

Skólahjúkrunarfræðingar sinna fjölbreyttum verkefnum í grunnskólum. Helstu verkefni í heilsuvernd skólabarna eru m.a. fræðsla, forvarnir, skimanir og bólu-setningar. Markmiðið er að efla heilbrigði og stuðla að vellíðan nemenda.

Í öllum árgöngum fer fram skipulögð fræðsla þar sem áherslan er að hvetja nemendur til heilbrigðra lífs-hátta. Eftir hverja fræðslu fá foreldrar tölvupóst með upplýsingum um hvað fjallað var um hverju sinni. Mikið úrval er af fræðsluefni sem skólahjúkrunarfræðingar styðjast við og er það í stöð-ugri þróun. Á þessu skólaári var verið að bæta inn nýju áhugaverðu fræðsluefni í nokkrum árgöngum.

Með þessum breytingum er m.a. lögð aukin áhersla á geðheilbrigði. Strax í öðrum bekk fá nemendur fræðslu um mismunandi tilfinningar og hversu fljótt sé hægt að flakka á milli ólíkra tilfinninga. Með þessu móti geta börnin lært að þekkja mis-munandi tilfinningar og lært að tjá sig um þær. Í fjórða bekk fá nú nemendur fræðslu um kviða, hver einkenni hans geta verið og að hann geti verið eðlilegur. Rætt er við nemendur um úrræði við kviða og börnunum kenndar slökunaræfingar. Í tíunda bekk fá nemendur fræðslu um geðheilbrigði þar sem farið er yfir einkenni geð-sjúkdóma, hvert nemendur geta leitað eftir aðstoð og



Sandra Leifs Hauksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

farið yfir bjargráð eins og hugræna atferlismeðferð, nú-vitund og slökun.

Hægt og rólega er einnig verið að fara að bæta inn endurlífsgun í sjötta til tíunda bekk þar sem nemendur fá verklega þjálfun í að hnoða og blása. Stefnt er að því að allir nemendur í sjötta til tíunda bekk fái kennslu í endurlífsgun en farið verður rólega af stað. Í fyrstu mun kennslan fara fram í sjötta og tíunda bekk en síðar munu áttundi og níundi bekkur bætast við.

Það sem fjallað hefur verið um hér er aðeins lítill hluti af þeirri skipulögðu fræðslu sem skólahjúkrunar-fræðingar sinna en fræðslu-skipulagið í heild sinni eftir árgöngum má sjá nánar á heimasíðu landlæknis.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Sandra Leifs Hauksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Grunnskólanum í Hveragerði.

Nýtt skipurit í Árborg

Á fundi sínum í síðustu viku samþykkti bæjarstjórn Árborgar að tekið yrði upp nýtt skipurit í sveitarfélaginu frá og með 1. mars. Í samtali við Gísla Halldór Halldórsson kemur fram að: „Innleiðing skipuritsins mun taka einhvern tíma í góðu samstarfi og samráði við starfsfólk. Það skiptir máli að allir leggist á eitt og taki höndum saman, en markmiðið er að breytingarnar verði sem best fallnar til árangurs fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.“

Í tilkynningu um breytinguna kemur fram eftirfarandi: „Vönduð stjórnun er forsenda þess að vel takist til í þjónustu og rekstri sveitarfélagsins. Nýju skipuriti fyrir Sveitarfélagið Árborg er ætlað að skýra hlutverk og ábyrgð og stuðla þannig að

góðri stjórnsýslu, vönduðum ákvörðunum og skilvirkri framkvæmd þeirra.“

„Verkefni sveitarfélaga eru flókin í eðli sínu og því nauðsynlegt að vanda til verka við út-færslu skipurits, þannig að fyrir liggja með skýrum hætti hvar ábyrgð liggur á framkvæmd, innleiðingu, eftirfylgni og eftirliti. Skipurit þarf að styðja við góða stjórnarhætti með skýrum hlutverkum einstakra eininga.“ -gpp



Tækifæri

Kælitæki / Uppþvottavélar / Eldunartæki / Ljós / Ryksuger
Þvottavélar og þurrkarar / Símtæki / Kaffivélar / Smátæki



SIEMENS

Kæli- og frystiskápur, iQ300

Hvítur „hyperFresh“-skúffur sem tryggja ferskleika grænmetis og ávaxta og auka geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Lyktarsía „noFrost“-tækni: Affrýsting óþörf.
H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Tækifærisverð: KG 36NW3P
113.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



BOSCH Skafttryksuga

Öflug, 16,8 V. Ryksuga með skafti og handryksuga. Hentar á öll gólfefni.

Tækifærisverð: BBH 2P163R
23.900 kr.
Fullt verð: 29.900 kr.



BOSCH Þvottavél, Serie 6

Vindur upp í 1400 sn./mín. i-DOS: Sjálfvirk skómmun fyrir fljótandi þvottaefni. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi: Sjálfvirk kerfi, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull o.fl. Tromla sem fer betur með þvottinn. LED-lýsing inni í tromlu.

Tækifærisverð: WAT 2869BSN
119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



BOSCH Þurrkari, Serie 6

Gufubétting, enginn barki. Sjálfhrensandi rakabéttir: Rakabéttirinn hreinsast við hverja notkun sem stuðlar að lágrí orkunotkun ár eftir ár. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, handklæði, tímastíllt kerfi, íþróttafatnaður, hraðkerfi 40 mín. o.fl.

Tækifærisverð: WTW 85B49SN
119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

Þvottavél, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi: Kraftþvottur 60 mín., útifatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull o.fl.

Tækifærisverð: WM 14N2O7DN
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



SIEMENS

Þurrkari, iQ300

Gufubétting, enginn barki. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, útifatnaður, handklæði, tímastíllt kerfi, undirföt, hraðkerfi 40 mín. og skýrtur. Krumpuvörn í lok kerfis.

Tækifærisverð: WT 45RVB8DN
99.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.



SIEMENS

Spanhelluborð, iQ700

Án ramma með slípuðum framkanti. „flexInduction“-hella: Skyngjar stærð ílátsins. Snertisleði. Steikingarskyngjar. Tímastíllir á öllum hellum. 60 sm á breidd.

Tækifærisverð: EX 651FEC1E
109.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH

Uppþvottavélar, Serie 4

13 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastýtt og kraftþurrkun. Hljóð: 46 dB „aquaStop“-flæðivörn.

Tækifærisverð (stál): SMU 46CI01S
89.900 kr.
Fullt verð: 114.900 kr.

Tækifærisverð (hvít): SMU 46CW01S
87.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



Zeolith®-þurrkun

Einstök þurrkun sem byggist á náttúrulega steinefninu seolít sem breytir raka í hita. Sérlega árangursrík þurrkun sem gerir uppþvottavélina þína enn sparneytnari.



SIEMENS

Bakstursofnar, iQ700

Stórt 71 lítra ofnrými. Kjöthitamælir. 13 hitunaraðgerðir, þar á meðal 4D-heitur blástur. Hraðhitun. Nákvæm hitastýring frá 30 - 300° C. TFT-skjár. Brennslusjálfhrensun.

Tækifærisverð (stál): HB 674GCS1S
Tækifærisverð (hvítur): HB 675GIW1S
139.900 kr.
Fullt verð: 179.900 kr.

Aðalfundur Flóaaáveitunnar

Aðalfundur Flóaaáveitufélagsins verður haldinn í Félagslundi mánudagskvöldið 11. mars kl. 20:30.

Stjórnin



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ögmundur Ólafsson
bílstjóri - Vík í Mýrdal,



verður jarðsunginn frá Víkurkirkju föstudaginn 8. mars kl. 13. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Víkurkirkju, banki 0317-13-1406, kt. 700269-0869.

Helga Halldórsdóttir
Ólafur Ögmundsson Salóme Þ. Valdimarsdóttir
Unna Björg Ögmundsdóttir Sigurður F. Sigurjónsson
Brynjar Ögmundsson Þórdís Erla Ólafsdóttir
og afabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarara ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og bróður,

Ólafs Hákonar Guðmundssonar
Grashaga 20

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Lyflækningadeild HSU fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

Jónína Magnúsdóttir,
börn, tengdabörn, barnabörn, systur hins látna og fjölskyldur.



Bændur athugið!

Vegna mikillar eftirspurnar, óskum við eftir nautgripum til slátrunar.

Pantanir í síma 512 1100.
slh@slh.is

Sláturhúsið Hella hf.



Framúrskarandi
fyrirtæki

Hef þann vana að hlusta á eða lesa í Biblíunni á hverjum degi

- segir lestrarhesturinn Ágúst Valgarð Ólafsson

Ágúst Valgarð Ólafsson ólst upp á Forsæti í Flóahreppi. Hann er stúdent frá Menntaskólunum að Laugarvatni, tónmenntakennari, tölvunarfræðingur og guðfræðingur að mennt og starfar við hugbúnað hjá SAGlobal Ísland. Hann er kvæntur Kolbrúnu Berglindi Grétarsdóttur og eiga þau þrjú börn, Margréti Maríu, Sigurjón Óla og Guðberg Davíð. Þau búa á Selfossi.



Ágúst Valgarð Ólafsson.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa bókina *The Abolition of Man* eftir C. S. Lewis. Ég las þessa bók fyrst fyrir sjö árum. Þess má geta að árið 1999 valdi tímaritið National Review bókina sem sjöundu bestu bók 20 aldarinnar í flokki skáldleysis (Nonfiction). Spurningin hvað það er að vera manneskja hefur leitað mjög á huga minn

í rúm ár og því ákvað ég að lesa þessa frábæru bók aftur. Þessi spurning er að verða sífellt áleitnari, til dæmis í tengslum við fagsvið mitt sem er tölvunarfræði þar sem það verður sífellt flóknara að greina á milli þess hvort við eigum í samskiptum við vél eða manneskju. Einnig er hún áleitni í siðfræði og læknisfræði þar sem til dæmis á sér stað endurskoðun á lögum um fóstureyðingar, sömuleiðis í heimspeki þar sem vöxtur á kaldri náttúruhyggju hefur að mínu viti tilhneigingu til að vélgera manneskjuna og í skjávæðingu þar sem í stað þess að við séum að tala saman þá neytum við eingöngu afþreyingar. Einnig verð ég að nefna að ég hef þann vana að hlusta á eða lesa í Biblíunni á hverjum degi. Biblían er reyndar safn af bókum. Uppáhaldsbókin mín þar er *Markúsarguðspjall*.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Undanfarin fjögur ár eða svo hef ég mest lesið bækur sem snúa að trúvörn (apologetics) og heimspeki. Þó gríp ég oft í ýmislegt annað til að breyta til. Um áramótin las ég til dæmis allar þrjár sögulegu skáldsögur Vilborgar Davíðsdóttur um *Auði djúpuðgu*.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Mér er sagt að ég hafi verið farinn að lesa *Tinnabækurnar* áður en ég var orðinn læs. Mamma las mikið fyrir okkur bræðurna og er ég henni afar þakklátur fyrir það. Uppáhaldsbókin úr æsku er *Hvers vegna, hvenær, hvernig, hvar?* Ég man ennþá þegar ég fékk þá bók í jólagjöf og gleypti í mig hverja einustu blaðsíðu. Síðar var ég stundum hissa á því þegar önnur börn eða unglingar vissu ekki eitthvað sem ég taldi vera almenna vitneskju. Það var ekki fyrr en löngu seinna að ég áttaði mig á því að þetta var vitneskja sem ég hafði drukkið í mig úr þessari ágætu bók.

En hvernig eru lestrararvenjur þínar?

Ég les mest á kvöldin. Þó kemur fyrir að ég tek tímabil þar sem ég les á morgnana eða yfir miðjan dag. Þá nota ég oft þá aðferð að stilla skeiðklukku á 20 mínútur og einbeiti mér þá að því að gera

ekkert annað en að lesa þangað til klukkan hringir. Það finnst mér ágæt leið til að eiga áhyggjulausa stund án áreitiss. Seinustu tíu árin hef ég lesið rafbækur meira en bækur á pappír. Það er mest af praktískum ástæðum. Það kostar mikið að panta bækur erlendis frá og svo hefði ég seint pláss að eiga allar þær bækur sem mig langar til að lesa á pappír.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Dallas Willard er klárlega minn uppáhalds höfundur þó ég hafi ekki lesið neitt eftir hann í nokkur ár. Bók hans *The Divine Conspiracy* er algert gull. Það er erfitt að útskýra innihaldið í stuttu máli nema segja að sumt af því sem Dallas skrifaði kom eins og jákvæð sprenging inn í huga minn. Dallas Willard var heimspekikennari við Háskólann í Kaliforníu og skrifar mjög þéttan texta. Svo þéttan að við lesturinn þarf ég reglulega að stoppa til að hugsa og melta. Af íslenskum höfundum er ég afar þakklátur Ármanni Kr. Einarssyni fyrir *Árnabækurnar*. Þær voru afar ljúfur lestur. Mig langar að lesa meira af nýju efni eftir íslenska höfunda og eru allar uppástungur vel þegnar.

Hefur bók rænt þig svefni?

Því miður verð ég að játa að það hefur oft komið fyrir en gerist þó minna í seinni tíð.

Að lokum Ágúst, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Reyndar er ég að skrifa tvær bækur núna þó ég myndi aldrei kalla mig rithöfund fyrr en eitthvað kemur formlega út. Önnur bókin er komin vel af stað en sú seinni er nánast bara hugmynd. Best að segja ekki meira um þessar tvær að sinni. Ég hef reyndar gert talsvert af því að segja börnunum mínum sögur sem ég bý til jafnóðum. Einhvern tímann væri gaman að fara lengra með það og skrifa einhverskonar ævintýrabók fyrir ungt fólk.

Bingó í Sunnulækjarskóla til styrktar ungu tónlistarfólki

Eldri blásarasveitir Tónlistarskóla Árnesinga munu dagana 21.- 25. maí nk. taka þátt í tónlistarmóti sem haldið verður á Ítalíu. Nánar tiltekið í Feneyjum og borginni Jesolo sem er skammt frá. Þarna taka þátt alls kyns tónlistarhópar og kórar og þátttakendur verða á öllum aldri.

Spennningur er kominn í íslensku þátttakendurna enda farið að stytast í ferðina. Blásarasveitir Tónlistarskólans æfa á Selfossi og Þorlákshöfn og sameinast í eina stóra og glæsilega sveit en meðlimir



verða um 50 talsins. Til fjárflyunar ætlar Selfosshópurinn að standa fyrir öskudagsbingói 6. mars kl. 18:00 í Sunnulækjarskóla. Þarna verður fjöldi glæsilegra vinninga, spjaldið

kostar kr. 500. Sjoppa verður á staðnum en ekki posi. Aðeins tekið við reiðufé. Allir eru velkomnir á bingóíð og tilvalið að styrkja ungt tónlistarfólk með þátttöku.

Karлакór Selfoss söng í menningarsalnum

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fór hringferð um landið fyrir skömmu og komu víða við, meðal annars á Selfossi. Þar tók á móti þingflokknnum Karлакór Selfoss sem söng í menningarsalnum í Hótel Selfossi áður en opinn fundur þingflokksins hófst á Hótel Selfossi. Kjartan Björnsson, bæjarfulltrúi sagði aðspurður um málið: „Menningarsalur Suðurlands er í mínum huga loksins að fæðast og styttest að mínu mati í menningarsamninginn við ríkið um stuðning við menningu á landsbyggðinni. Íþrótt- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar bauð þingflokki Sjálfstæðismanna í menningarsalinn til að kynna fyrir þeim verkefnið. Mínir góðu félagar í Karлакór Selfoss gerðu stundina svo ógleymanlega



Karлакór Selfoss syngur fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

þegar þeir sungu fyrir okkur vel valin lög. Einnig mætti bæta við að íþrótt- og menningarnefnd fær í heimsókn á næstu dögum

Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og síðar Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra.“

Félagsráðgjafar á Suðurlandi skrifa um velferðarmál

Framkvæmd nauðungarvistana á Íslandi

Samkvæmt lögræðislögum verður sjálfráða maður ekki nauðungarvistaður á sjúkrahúsi nema í undantekningartilfellum. Læknir getur ákveðið að vista skuli mann nauðugan á sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ef ástand hans jafnast á við það. Sama gildir um einstaklinga sem eiga við áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Læknir, helst yfirlæknir, getur ákveðið að nauðungarvista einstakling en þó ekki lengur en í 48 klukkustundir. Með samþykki Dómsmálaráðuneytis (Innanríkisráðuneytis) er hægt að nauðungarvista mann í allt að 21 sólarhring. Sú beiðni getur ekki komið frá lækni, þó að læknir þurfi líka að skrifa undir beiðnina. Lögregla er skylt samkvæmt lögum að verða við beiðni læknis um að flytja mann nauðugan á sjúkrahús og læknir er hafður með í för ef þess þykir þörf. Ef halda á manni nauðugum á sjúkrahúsi umfram þennan tíma krefst það sjálf-ræðissviptingar, en það er allt annar handleggur, þó þessu sé vissulega gjarnan ruglað saman í umræðunni.

Í núgildandi lögum er nánustu aðstandendum (foreldrum, börnum og systkinum) og félagsmálayfirvöldum veittur réttur til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun manns á sjúkrahús. Læknar geta einnig komið beiðni um nauðungarvistun á framfæri í gegnum félagsmálayfirvöld.

Þau litlu tölfræðilegu gögn sem eru til um þessar vistarir benda til þess að hérlandis virðist sá háttur vera á að aðstandendur þurfi að biðja um nauðungarvistun í stórum hluta tilfella, þó einhver aukning hafi orðið á því að félagsþjónustan geri það.

Upplifun aðstandenda

Sex af þeim átta viðmælendum sem ég ræddi við í rannsókn minni á þessu efni árið 2014 vildu breytt fyrirkomulag í tengslum við nauðungarvistarir með minni ábyrgð aðstandenda á þann hátt að aðrir en aðstandendur þurfi að óska eftir og skrifa undir beiðni um nauðungarvistun. Ein af ástæðunum fyrir þessu var sú að aðstandendur upplifðu, með núverandi fyrirkomulagi, að þeir urðu að óvin eða andstæðingi í augum þess nauðungarvistaða. Einn viðmælandi kom fram með góða tillögu um hvernig hægt væri að minnka þörfina fyrir frumkvæði aðstandenda og færa meiri ábyrgð yfir á heilbrigðiskerfið. Í grófum dráttum fólst hugmyndin í því að aðstandendur gætu mótmælt nauðungarvistun fjölskyldumeðlimar eða óskað eftir endurmati, í stað þess að þurfa að hafa frumkvæði að henni, eins og virðist gjarnan vera. Í slíku fyrirkomulagi, þar sem læknar hefðu meira vald til þess að taka ákvörðun um nauðungarvistun (umfram 48 klst.), gæti falist gott jafnvægi. Þannig gætu líkur á ágreiningi á milli aðstandenda og þess nauðungarvistaða minnkað og aðstandendur fengið meira hlutverk sem nokkurskonar eftirlitsaðilar, þ.e. óskað eftir endurmati á réttmæti nauðungarvistunar fyrir hönd þess nauðungarvistaða þegar slíkt ætti við.

Allir aðstandendur töluðu um að sá nauðungarvistaði hafi tekið því illa að fjölskyldan hefði staðið að nauðungarvistuninni, þó mismunandi illa. Flestir voru tiltululega fljótir að jafna sig og erfðu málið ekki mjög lengi við fjölskylduna. Enginn við-



mælandi hafði lent í langtíma samskiptarofi vegna þessa. Þó nokkuð var um að viðmælendur teldu verklag við nauðungarvistarir óskýrt og flókið. Viðmælendur upplifðu að uppbygging geðheilbrigðisþjónustunnar væri með því móti að töluvert mæddi á aðstandendum, sem þyrftu að vera einhverskonar milliliður milli þess veika og þjónustunnar sem hann þyrfti á að halda en vildi oft ekki þiggja. Að minnsta kosti þrír viðmælendur höfðu fengið þau skilað, með beinum eða óbeinum hætti, að best væri að þeir skrifuðu undir beiðnina til þess að nauðungarvistunarferlið myndi ganga snurðulaust fyrir sig. Viðmælendur áttu í sumum tilfellum erfitt með að átta sig á hver réttur þeirra sjálfra eða sjúklingsins væri. Tveir viðmælendur vissu til að mynda ekki að Félagsþjónustan gæti lagt fram beiðni um nauðungarvistun. Þar sem þátttakendur rannsóknarinnar höfðu sjálfir staðið að slíkum vistunum er áhugavert að velja því fyrir sér hvort þeir sem aðstandendur hefðu ekki átt að fá þessar upplýsingar á einhverjum tímamarki, t.d. frá lækni sem kom að ferlinu.

Gunnar Þór Gunnarsson, félagsráðgjafi MA



Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ólafía Guðrún Halldórsdóttir
Gráhellu 61



lést á heimili sínu þriðjudaginn 26. febrúar.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
fimmtudaginn 7. mars kl. 14.

Matthildur Zophoníasdóttir
Halldór Davíð Sigurðsson Sandra Guðmundsdóttir
Ævar Sigurðsson Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Arnar Þór Sigurðsson Sólrún Þórðardóttir
og barnabörn.



Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

Kristín Hildur Ólafíudóttir Pálsdóttir
Gráhellu 61



lést á heimili sínu miðvikudaginn 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
fimmtudaginn 7. mars kl. 14.

Páll Þór Engilbjartsson
Páll Heiðar Pálsson Hafdís Sveinbjörnsdóttir
Halldór Davíð Sigurðsson Sandra Guðmundsdóttir
Ævar Sigurðsson Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Arnar Þór Sigurðsson Sólrún Þórðardóttir
systkinabörn,
Aron Kristinn Lýðsson.



Vel heppnuð málstofa um akstur á hálendi Íslands

Umhverfisstofnun hélt í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Vegagerðina og Lögregluna málstofu um akstur á hálendi Íslands á Selfossi 26. febrúar sl. Rúmlega 70 manns mættu, bæði ferðaþjónustuaðilar og útivistarfólk. Almennt var mat manna á fundinum að mál-

stofan hefði tekist vel. Meginmarkmið með málþinginu var að koma á samtali milli opinberra stofnana og ferðaþjónustuaðila, sem bjóða upp á ferðir á hálendi Íslands allt árið um kring. Fyrirlesarar voru frá opinberum stofnunum og samtökum ferðaþjónustufyrirtækja. -gpp

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Dýrmæt stig í toppbaráttunni

Ævintýralegur sigur á Val

HANDBOLTI Selfoss landaði ævintýralegum eins marks sigri á Val í seinustu viku, 25-26, en úrslitin réðust á lokasekundum leiksins. Það er alltaf boðið upp á spennuleiki þegar Selfoss er annars vegar, leikurinn gegn Val var engin undantekning.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og skiptust liðin á að vera yfir. Selfoss einu marki yfir í hálfleik 11-12. Valsmenn voru sterkari í upphafi seinni hálfleiks og skrefi á undan mest allan seinni hálfleikinn. En leikurinn er 60 mínútur og það vita Selfyssingar manna best. Þegar rúm mínúta var eftir var staðan jöfn, Selfyssingar fóru í sókn þar sem Nökkvi Dan Elliðason kom Selfyssingum yfir 25-26 og um 20 sekúndur eftir á klukkunni. Valur tók leikhlé og lagði upp í kerfi sem heppnaðist en leikmaður Vals nýtti ekki dauðafæri og því sigraði Selfoss.

Mörk Selfoss: Elvar Örn 7, Alexander Már og Atli Ævar 5, Haukur 3, Hergeir 2, Nökkvi Dan og Einar 2. Varin skot: Sölvi 8 og Pawel 4.

Öruggur sigur á FH

Selfoss sigraði FH með þremur mörkum, 26-23, í fullri Hleðsluhöll í Olísdeildinni um helgina.

Selfyssingar byrjuðu af krafti og náðu fljótt að slíta sig frá FH-



Það héldu Atla Ævari engin bönd gegn FH. Mynd: JÁE.

ingum og á 18. mínútu var munurinn orðinn sex mörk, 12-6. En þá svaraði FH fyrir sig og sóknarleikur Selfoss hvarf, staðan í hálfleik 13-8. Áfram héldu FH-ingar að saxa á forskotið á meðan Selfoss náði ekki að skora í heilar sautján mínútur. FH náði að minnka muninn niður í tvö mörk, 14-12, en nær komust gestirnir ekki og Selfoss sigldi öruggum þriggja marka sigri í höfn, 26-23.

Mörk Selfoss: Atli Ævar 8, Hergeir og Elvar Örn 4, Haukur 3, Nökkvi Dan, Alexander Már og Árni Steinn 2 og Guðni 1. Pawel varði 7 skot í leiknum.

Liðið er í öðru sæti Olís-deildarinnar með 26 stig, stigi á eftir Haukum. Nú fær meistaraflokkur karla smá frí vegna bikarkeppninnar næstu helgi og næsti leikur ekki fyrr en 18. mars fyrir norðan gegn KA.

Toppliðið of stór biti í kvöld

HANDBOLTI Stelpurnar töpuðu gegn Val í Olís-deildinni í seinustu viku 17-30.

Í upphafi leiks gekk báðum liðum illa að skora og voru markmennirnir frábærir, eftir 5 mínútna leik var staðan 0-1 fyrir Val. Eftir það voru Valsstúlkur fyrri til að finna taktinn og náðu forustu sem þær fóru svo með inn í hálfleik, 7-14. Selfoss byrjaði seinni hálfleikinn mun betur en þann fyrri og náðu að minnka muninn í 11-15. Gestirnir höfðu lítinn húmor fyrir því og settu allt á fullt og keyrðu yfir okkar stelpur, staðan 12-27 með 22 mínútur á klukkunni og leikurinn í raun búinn. Eins og fyrr segir endaði leikurinn svo 17-30.

Mörk Selfoss: Ída Bjarklind 4, Perla Ruth, Sarah og Hulda Dís 3, Krístrún 2, Sólveig Erla og Harpa Sólveig 1. Varin skot: Katrín Ósk 7 og Þórdís Erla 2.

Staða Selfoss er óbreytt eftir þessa umferð, liðið er sem fyrr á



Ída Bjarklind var markahæst. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE

botni deildarinnar með 4 stig. Prem stigum fyrir ofan er HK. Markmiðið liðsins er að komast upp fyrir HK og í umspil um sæti í Olís-deildinni næsta vetur. Fjórar umferðir eru eftir og nóg af stigum í boði.

Næsti leikur hjá stelpunum er þriðjudaginn 12. mars í Safamýrinni þar sem þær munu etja kappi við Fram.



Selfoss 4. flokkur 1.



Selfoss 3. flokkur 2.

Góður árangur Selfyssinga á bikarmóti unglinga

FIMLEIKAR Um helgina fór fram bikarmót unglinga í hópfimleikum fram í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi. Þar kepptu 5. flokkur, 4. flokkur og 3. flokkur í öllum deildum. Þetta var fyrsta mótið sem 5. flokkur keppti á þessu keppnisári og jafnframt fyrsta FSÍ-mótið hjá öllum í 5. flokki.

Selfoss átti tvö lið í 5. flokkskeppninni, 5. flokk 1 og 5. flokk 2. Liðin áttu góðan dag, skemmtu sér vel saman og liðs- og félagsandinn var mjög mikill. Keppnin gekk vel hjá báðum liðum og lenti Selfoss 1 í þriðja sæti og Selfoss 2 í niunda sæti. Bæði liðin raðast í A-deild fyrir Íslandsmót og það er mikil spenna fyrir að keppa á því í lok apríl.

Selfoss átti fjögur lið í 4. flokki, eitt lið í A-deild, tvö lið í B-deild og eitt lið í C-deild. Skemmst er að segja frá því að

Selfoss 1 gerði sér lítið fyrir og varð bikarmeistari 4. flokks – frábær árangur hjá þessum stórfnilegu stúlkum sem hafa lagt mikið á sig fyrir þetta mót. Selfoss 2 og Selfoss 3 kepptu í B-deildinni og þar sigruðu Selfoss 3 stelpur, virkilega flottar æfingar hjá stelpunum og dansinn þeirra var yfirburðagóður. Selfoss 2 lenti í fjórða sæti eftir að hafa sýnt flottar æfingar og erum við mjög stolt af því að eiga tvö lið í topp fjórum í deildinni. Selfoss 4 mætti síðast til leiks, þær áttu góðan dag í gólfæfingum og skinu skært á gólfinu en því miður urðu ansi dýrkeypt mistök á dýnu og trampólíni. Þær enduðu í áttunda sæti og eiga helling inni fyrir næsta mót.

Á sunnudeginum fór fram keppni í 3. flokki A og B. Selfoss átti þrjú lið í þeim flokki, tvö lið í

B-deild og eitt lið í A-deild. Í B-deildinni voru þrettán lið sem kepptu og því voru veitt verðlaun fyrir efstu fimm sætin. Selfoss 2 átti ágætan dag í keppni og varð í fimmta sæti, en þeim urðu á smávægileg mistök í keppninni svo þær eiga inni fyrir næsta mót. Selfoss 3 var að keppa á sínu fyrsta móti í vetur, en þær eru efnilegar stúlkur sem eiga mikið inni og lentu þær í þrettánda sæti. Selfoss 1 keppti í A-deildinni og áttu þær góðan dag á öllum áhöldum. Það skilaði þeim fjórða sætinu, sem er frábær árangur.

Í heildina var þetta frábær helgi hjá Selfoss liðunum, mikil leikgleði, metnaður og dugnaður í öllum. Skipulag og framkvæmd mótsins var til mikillar fyrirmyndar þar sem allir lögðust á eitt. Áfram Selfoss. bki



Selfoss 5. flokkur 1.



Selfoss 3. flokkur 3.



Selfoss 4. flokkur 2.



Selfoss 5. flokkur 2.



Selfoss 4. flokkur 4.



Selfoss 4. flokkur 3.



Selfoss 3. flokkur 1.

Einar Ottó sæmdur silfurmerki Umf. Selfoss

JÚDÓ Aðalfundur sunddeildar Selfoss fór fram í seinustu viku. Á fundinum var Einar Ottó Antonsson sæmdur silfurmerki Umf. Selfoss fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Starf og rekstur deildarinnar er í góðum gangi og var stjórn deildarinnar öll endurkjörin undir stjórn Birgis Júlíusar Sigursteinssonar.



Viktor S. Pálsson, formaður Umf. Selfoss, nældi silfurmerkinu í Einar Ottó (t.h.). Ljósmynd: Umf. Selfoss/GJ.

Ný námskeið í ungbarnasundi

SUND Ný námskeið í Guggu-sundi – ungbarnasundi hefst 7., 8. og 9. mars. Kennir er einu sinni í viku í níu vikur. Í boði eru námskeið fyrir ung börn frá tveggja mánaða aldri upp í byrjendahópa barna á mörkum leikskóla og grunnskóla. Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari. Nánari upplýsingar má finna á www.selfoss.net en skráningar og upplýsingar eru í síma 848 1626.

Aðalfundur deilda

FRJÁLSAR Aðalfundur frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss verður haldinn í Tíbrá fimmtudaginn 7. mars kl. 20:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og eru allir velkomnir.



Jón Gunnþór vann Skarphéðinsskjöldinn í fyrsta sinn

GLÍMA Héraðsmót HSK í glímu fór fram á Laugarvatni laugardaginn 23. febrúar sl. Keppni hófst kl. 12:00 og var keppt í flokkum drengja og stúlkna frá 11 ára og yngri til unglingaflokka.

Í fullorðinsflokkum var glímt um Bergþórusskjöldinn í kvenna-

flokki í 18. skipti og Skarphéðinsskjöldinn í karlaflokki í 95. skipti. Jana Lind Ellertsdóttir Umf. Laugdæla sigraði kvennaflokkinn í fjórða sinn og Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Þjótanda hampaði Skarphéðinsskjöldinum í fyrsta sinn. Alls

mættu 44 keppendur til leiks frá fimm félögum á HSK-svæðinu.

Dómarar og ritarar komu úr röðum Skarphéðinsmanna og eru þeim þökkúð góð störf

SG

Myndir: Stefán Geirsson



Jana Lind og Jón Gunnþór Skjaldarhafar HSK 2019.



Sigurlið Dímónar í stigakeppni í stúlknaflokkum.



Sigurlið Þjótanda í stigakeppni í drengjaflokkum.



Keppendur í flokki stúlkna 11 ára og yngri.



Keppendur í flokki drengja 11 ára og yngri.

Sex HSK-met sett á Meistaramóti Íslands í frjálsum

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum var haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði dagana 23. og 24. febrúar sl.

Sex keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt í mótinu og settu þeir samtals sex HSK-met og unnu til tvennra verðlauna.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu bætti HSK-metið í þremur flokkum í 200 m hlaupi innanhúss. Sindri hljóp á 23,38 sek. og bætti met Dags Fannars Einarssonar í 16–17 ára flokki og 18–19 ára flokki um 0,18 sek. Þá bætti hann HSK-met Haraldar Einarssonar í 20–22 ára flokki um 0,06 sek. Þess má geta að Haraldur á HSK-metið í karlaflokki sem er 22,90 sek.

Sveit HSK/Selfoss setti svo þrjú HSK-met í 4x400 m hlaupi þegar hún hljóp vegalengdina á 3:50,92 mín. Í sveitinni voru Sindri Freyr Seim Sigurðsson, Elías Örn Jónsson, Unnsteinn Reynisson og Dagur Fannar Einarsson. Þessi árangur er met í 16–17, 18–19 og 20–22 ára flokki.

Tveir keppendur frá HSK unnu til verðlauna.



Boðhlaupssveit HSK sem setti met í þremur flokkum í 4x400 hlaupi. F.v.: Dagur Fannar Einarsson, Unnsteinn Reynisson, Elías Örn Jónsson og Sindri Freyr Seim Sigurðsson.

Fjóla Signý Hannesdóttir varð önnur í 60 m grindahlaupi kvenna og Dagur Fannar Einarsson varð þriðji í 60 m grindahlaupi karla.

eo

Héraðsþing HSK haldið í fyrsta sinn í miðri viku

97. héraðsþing HSK 2019 verður haldið í íþróttahúsinu á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. mars nk. Þingið hefst stundvíslega kl. 17:30 og þingslit verða um kl. 21:15. Þetta er í fyrsta skipti í 109 ára sögu sambandsins sem þingið er haldið að kvöldi til í miðri viku. Lengst af voru þingin tveggja daga, en hafa verið haldin á einum degi frá árinu 1995. Reyndar voru fyrstu aðalfundir sambandsins frá 1910–1921 haldnir á einum degi.

Rétt til setu á þinginu eiga 125 fulltrúar frá 57 aðildarfélögum HSK og tveimur sérráðum sambandsins, auk gesta.

Á þinginu verður í fyrsta sinn kunngjört val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK, en reglugerðum kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Framvegis verða íþróttakarli og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefnd eru í einstökum greinum.

Þessa dagana er unnið að lokaundirbúningi þings-



Ásahreppur hefur einu sinni áður boðið til héraðsþings. Myndin hér að ofan er frá þingi árið 2007.

ins og þá er kjörnefnd sambandsins að störfum, en nefndin hefur það verkefni að koma með tillögu að nefndar- og stjórnarskipan HSK 2019.


Upplýsingar um fulltrúafjölda félaga og ráða og dagskrá þingsins má sjá á www.hsk.is.

eo

82,2%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



Lagerstarf í framsæknu framleiðslufyrirtæki

Icelandic Water Holdings hf. óskar eftir að ráða starfsmann á lager til starfa í verksmiðju félagsins að Hlíðar-enda í Ölfusi. Vinnutími er milli kl. 13.00 og kl. 21.00 alla daga nema föstudaga.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu eða kunnáttu af lagerstörfum og geti unnið sjálfstætt. Lyftaþróf er krafa.

Icelandic Water Holdings tapar vatni á flöskur undir vörumerkinu Icelandic Glacial. Stærstur hluti framleiðslunnar er til útflutnings og er Icelandic Glacial nú selt í yfir 25 löndum um allan heim. Ört vaxandi eftirspurn á erlendum mörkuðum kallar á aukin umsvif. Því leitum við að duglegum og jákvæðum aðila til að slást í hóp framúrskarandi starfsfólks.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:

kristinn.oskarsson@icelandicglacial.com.

Frekari upplýsingar gefur Kristinn Óskarsson í síma 412 2100.

ICELANDIC
GLACIAL

VOR Í ÁRBORG

Menningar- og bæjarhátíðin „Vor í Árborg 2019“ verður haldin 25.–28. apríl nk. Skipulagning er á undirbúningsstigi og hvers kyns tillögur að dagskráatriðum og/eða hugmyndum um menningarviðburði eru vel þegnar. Hér með er óskað eftir þátttöku félaga og samtaka, einstaklinga og áhuga-hópa, fyrirtækja og stofnana.

Fjölskylduleikurinn **Gaman-saman sem fjölskylda** verður áfram hluti af hátíðarhöldunum. Sértakt vegabréf verður gefið út með dagskrá hátíðarinnar sem stimplað verður í eftir þátttöku í atburðum og heimsóknum á viðburði. Vegabréfinu er síðan skilað inn eftir hátíðina og eiga þátttakendur möguleika á veglegum vinningum.

Áhugasamir hafi samband við Ólaf Rafnar Ólafsson, atvinnu- og viðburðafulltrúa, olafur.rafnar@arborg.is eða Braga Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúa, bragi@arborg.is eða í síma 480 1900.

Með von um góðar undirtektir,
Íþrótt- og menningarnefnd
Sveitarfélagsins Árborgar

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kvæðamannafélagið Árgali

Fundur í Kvæðamannafélaginu Árgala verður 11. mars nk. Formaðurinn er hress á ný.

Fundur byrjar kl. 20:00 að vanda og lýkur kl 22:00. Dagskrá verður hefðbundin, kveðnar óskastemmur og kíkt í nýju bókina „Segulbönd lönnar“. Hafið með ykkur nýortar vísur fyrir Skáldu og kveðið þið sem viljið.

Stjórn Árgala

LEIKFÉLAG HVERAGERÐIS

2TvoFaldir

SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri:

María Sigurðardóttir

11.sýning föstudag 15.mars **UPPSELT**

12.sýning laugardag 16.mars Lausir miðar

13.sýning föstudag 22.mars Lausir miðar

14.sýning laugardag 30.mars Lausir miðar

Allar sýningar byrja kl. 20:00

Miðapantanir í síma 863-8522

Miðaverð kr.3,000-

Íslandshotel auglýsa eftir 3ja herbergja íbúð á Selfossi í langtímaleigu.

Íbúðin er fyrir litla fjölskyldu sem starfar á svæðinu. Reglusemi og góðri umgengni heitið.

Íbúðin þarf að vera í góðu ástandi. Þarf að vera laus frá júní 2019.

Vinsamlegast hafið samband við Óskar Finnsson
oskar@islandshotel.is
Sími: 660 6060



Ófelía

Stórar lausar peysur njóta vaxandi vinsælda og tekur uppskrift vikunnar mið af því. Peysan er fljótprjónuð á prjóna númer 7 og er upplagt verkefni fyrir byrjendur. Garnið heitir Ófelía, 86% ull, 10% acryl og 4% nælon og fæst í nokkrum fallegum litum. Peysan er létt og fellur laust en er um leið hlý og áferðar-falleg.

Stærðir: s-m-l

Efni: 6 - 7 - 8 dk Ófelía, hringprjónar nr. 7, 80 sm og 40 sm. Prjónanælur, prjónamerki.


Uppskrift:

Bolur: Fitjið upp 136 - 144 - 152 l á prjón nr. 7, tengið í hring og prjónið stroff 1 sl og 1 br alls 3 umferðir. Prjónið því næst slétt þar til bolur mælist 41 - 43 - 45 sm. Prjónið 68 - 72 - 76 l setjið síðustu 4 l á nælu, prjónið 64 - 68 - 72 l og setjið næstu 4 l á nælu.

Ermar: Fitjið upp 32 - 34 - 36 l á prjón nr. 7, tengið í hring og prjónið stroff 1 sl og 1 br alls 3 umferðir. Prjónið slétt en aukið út um 2 l í upphafi og lok 4. hverrar umferðar þar til alls eru 50 - 54 - 58 l á prjóninum. Prjónið þar til ermi mælist 42 - 44 - 46 sm. Setjið 4 l á undir-ermi á nælu. Prjónið ermina upp á bolinn og prjónið aðra ermi eins.

Axlastykki: Setjið merki við samskeyti erma og bols, alls 4. Prjónið áfram í hring. Í annarri hverri umferð er næst síðasta lykkja fyrir prjónamerki tekin laus af, næsta lykkja prjónuð sl og lausu lykkjunni steipt yfir, prjónið næstu 2 l saman. Gerið eins við öll samskeytin.

Í lok úrtökuumferðarinnar þegar 26 - 28 - 30 l eru á framstykki eru prjónaðar 9 l, setjið



prjónamerki, prjónið brugðið til baka þar til komnar eru 9 l á framstykki, þá er snúið við. Prjónið slétt til baka og haldið úrtökum áfram, prjónið þar til 4 l eru að prjónamerkinu, færið merkið hingað, snúið við og prjónið brugðið til baka, þar til 4 l eru að prjónamerkinu, færið prjónamerkið. *Snúið við, prjónið slétt með úrtökum til baka þar til 3 l eru að merkinu, færið merkið, prjónið þar til 3 l eru að merki, færið merkið.* Endurtakið *-* einu sinni. Nú ættu að vera 52 - 56 - 60 l á prjóninum. Prjónið þá áfram í hring 1 sl, 1 br, alls 10 sm. Fellið laust af.

Gangið frá endum, skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Hvaða gildi hafa félagasamtök í þínu nærsamfélagi?

Góður félagskapur er gullsígildi. Kvenfélögin, Lions, Kiwanis, Rotary, björgunarsveitir, Rauði krossinn, sjúklingafélögin, kórar, leikfélög, og svo mætti lengi telja hafa um árabil lagt mikið af mörkum til samfélagsins. Helsti drifkraftur og styrkur slíkra félaga eru einstaklingar sem starfa af eldmóði og gleði og gefa tíma sinn. Trúlega væri margt öðruvísi ef enginn tæki þátt í félagsstarfi sem þessu.

Sem dæmi ef þú lítur í kringum þig inni á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum eru mörg tæki þar til lækninga og stuðnings styrkt af félagasamtökum. Ef þú lendir í háska í óbyggðum er björgunarsveitarfólk tilbúið að leggja niður vinnu eða standa upp frá fjölskyldubóðinu til að koma þér til bjargar. Ef þú lendir í veikindum taka sjúklingafélögin utan um þig og veita þér stuðning. Ungmennna- og íþróttafélög eru að stóru leyti byggð upp af sjálfbæðalíðum, í stjórnunum félaga, deilda, skipulagningu móta, fjáröflun og utánúthald í kringum iðkendur/liðin.

Félagsþörf og félagslyndi

Laufey Guðmundsdóttir,

Formaður kvenfélags Grímsnes-hrepps.



einkennir þá einstaklinga sem ákveða að taka þátt. Það er gaman að vera í góðum félagskap með góð markmið s.s. hjálpssemi, samkennd, vilja til að efla samfélagið og leggja sitt af mörkum til að gera gott samfélag betra og það eflir einstaklinginn sem tekur þátt.

Þegar Kvenfélag Grímsnes-hrepps var stofnað, voru markmiðin helst þau að efla samúð og samheldni í nærsamfélagi. Í árunna rás hefur starfsemi félagsins tekið breytingum, en markmiðið hefur ávallt verið að efla nærsamfélagið.

Málþing á Borg

Kvenfélag Grímsnes-hrepps er 100 ára á þessu ári og á þessum tímamótum viljum við staldra við, velta fyrir okkur gildum og

áherslum til framtíðar og þess vegna efnum við til málþings á Borg í Grímsnesi, laugardaginn 9. mars nk. Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla, mun setja málþingið og stýra því. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, ávarpar samkomuna og erindi flytja Ingrid Kuhlman, þjálfari, ráðgjafi og framkvæmdastjóri, Þekkingarmiðlunar, Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar og þátttakandi í ungmennna- og íþróttastarfi í gegnum tíðina, Vilborg Eiríksdóttir varaforseti KÍ, Halldóra Hjörleifsdóttir, félagi í björgunarsveit, kvenfélagi og oddviti Hrunamannahrepps og Anna María Snorraddóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Að erindum loknum verða pallborðsumræður. Málþinginu lýkur um kl. 13.

Allir þeir sem áhuga hafa eru hjartanlega velkomnir til okkar á Borg í Grímsnesi laugardaginn 9. mars nk. húsið verður opnað kl. 10:15. Heitt verður á könnunni, en málþingið byrjar kl. 10:30.

Pústþjónusta að nýju á Selfossi

Tekið hefur til starfa nýtt fyrirtæki, PogP á Selfossi sem sérhæfir sig í pústviðgerðum, pólýhúðun og sandblástur. „Mig langaði alltaf að opna mitt eigið verkstæði. Þá kom upp sú hugmynd dfað opna pústþjónustu samhliða almennum bílaviðgerðum en pústþjónusta hefur ekki verið á Selfossi í mörg ár. Við þetta bættist svo pólýhúðun og sandblástur, en ég hef komið upp góðri aðstöðu fyrir hvort tveggja á verkstæðinu hér í Gagnheiðinni, segir Ágúst Bachmann, eigandi verkstæðisins. Ágúst hefur verið lengi viðloðandi bílaviðgerðir og vann lengst af hjá Toyota á Selfossi áður en hann fór út í eigin rekstur.

„Við erum ákaflega vel útþúnir hér og getum tekið allar stærðir ökutækja til okkar í pústþjónustu og eins smáviðgerðir eins og t.d. spindla, hjólalegur



og þess háttar, þar sem miðað er við að ökutækið verði klár samdægurs. Þá er ég með efnissölu, sérsmiði og á svo stöðluð pústkerfi fyrir flest ökutæki. Hvað pólýhúðunina varðar erum við með fjölmarga liti á lager og getum útvegað það sem hugurinn gírnist í þeim efnum. Við

höfum tekið mikið af boddýhlutum og felgum ýmiskonar til meðhöndlunar, en efnið er afar sterkt og endingargott. Sandblásturinn er svo hluti af þessu þannig að við erum að blása og hreinsa upp hlutina áður en við húðum þá,“ segir Ágúst að lokum. -gpp

Breytingar á sorphirðu í Árborg

Í janúar sl. sendi Sorpstöð Suðurlands frá sér tilkynningu þess efnis að aukin flokkun úrgangs væri forgangsmál sveitarfélaganna á Suðurlandi, enda sé vönduð flokkun forsenda þess að lágmarka magn og kostnað vegna þess úrgangs sem senda þarf til eyðingar. Sem viðbrögð við þessu var ákveðið að hefja, til viðbótar við bláu tunnuna, flokkun í brúna tunnuna fyrir lífrænan úrgang í Sveitarfélaginu Árborg. Með því skrefi tekst að draga úr úrgangsmagni sveitarfélagsins sem þarf að farga. Samhliða því verður einfaldara að koma öndurvinnanlega sorphinu í farveg. Í raun er markmið stjórnvalda að óheimilt verði að urða lífrænan úrgang í framtíðinni. „Það er ánægjulegt að taka þetta skref þó það þurfi að gerast ansi hratt í ljósi stöðunnar í sorpmálum á svæðinu. Ég hef trú á því að íbúar hér í Árborg taki verkefninu fagnandi og hefji flokkunina um leið og tunnurnar berast heim að húsi. Starfsmenn Íslenska gámafélagsins eru nú um þessar mundir að heimsækja íbúa og fræða þá um verkefnið,“ segir Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri Svf. Árborgar.



Íbúar ánægðir með aukna þjónustu

Í Árborg hefur hluti íbúa nú þegar fengið til sín starfsmann frá Íslenska gámafélaginu sem kynnir verkefnið og svarar spurningum um flokkunina. Í samtali við Jón Þóri Frantzson, forstjóra ÍGF í gærkvöldi sagði hann: „Það er vel tekið á móti okkur og fólk er almennt afar jákvætt fyrir þessu. Það er skilningur á þessu verkefni því flestir þekkja forsöguna. Ég hef þó tekið eftir að margir hafa beðið eftir þessu og eru ánægðir með að þessi þjónusta sé loks í boði í Árborg.“

Íbúar fara vel af stað inn í flokkunina í Árborg en samhliða

kynningunni er gefin rúlla af niðurbrjótanlegum máispokum sem brotna niður í jarðgerðinni en plastpokar mega alls ekki fara í brúna tunnuna. Íbúar geta svo nálgast, kjósi þeir svo, að fá körfur undir úrganginn sem hentar vel inni í eldhúsi. Bæklingur með fræðsluefni um flokkun berst íbúum sem eftirfylgni við verkefnið á næstu dögum en þar gefur að líta breytt sorphirðudagatal, en allar tunnur verða losaðar á þriggja vikna fresti hér eftir.

Moltan ákjósanlegur jarðvegsbætur

Lífræni úrgangurinn verður jarðgerður og breytt í svokallaða moltu. Moltan er afar næringarríkur áburður sem getur nýst víða. „Árborg mun leita fjölbreyttra leiða til að nýta afurðina sem kemur út úr jarðgerðinni. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenska gámafélaginu er um að ræða afurð sem t.d. hentar mjög vel til landgræðslu en getur einnig nýst sem yfirlag og í manir. Þá eru íbúar einnig hvattir til að koma fram með hugmyndir, segir Gisli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. -gpp

Flæði opnar í Listagjálni 9. mars

Ný sýning, sem ber heitið Flæði, eftir Ernu Lúðvíksdóttur er næsta sýning í Listagjálni í Bókasafni Árborgar á Selfossi. Sýningin opnar 9. mars nk.

Erna er fædd á Akranesi en flutti ung austur fyrir fjall. Hún bjó um tíma í Fljótshlíðinni en kom þaðan á Selfoss og bjó þar í allmörg ár. Hún er sjálfmenntuð í myndlist og vinnur yfirleitt í olíu. Málverkin fæðast á mis-

jafnan hátt en yfirleitt segist Erna bara byrja og svo flæði myndirnar fram „Ég hef mikla ánægju af að mála og takast á við þær áskoranir sem upp koma og þarf að leysa úr,“ segir hún.

Sýningin sem er fyrsta einkasýning Ernu er jafnframt sölusýning.

Allir eru hjartanlega velkomnir á opnunina laugardaginn 9. mars kl. 14:00.



Erna Lúðvíksdóttir

VIÐ PRENTUM FERMINGAR BOÐSKORT

KOMDU TIL OKKAR Á SELFÖSS OG
VIÐ GRÆJUM ÞETTA FYRIR ÞIG!



Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:
„Malbiksyfirlagnir 2019“

Verklok eru 1. ágúst 2019.

Verkið felur í sér malbiksyfirlagnir í Árborg. Fræsa skal samskeyti þar sem nýtt malbik kemur að eldra malbiki. Hækka skal niðurfallsristar, brunnlok og spindilhús eftir því sem við á. Eftir að gert hefur verið við stakar malbiksskemmdir skal leggja malbiksyfirlag á göturnar. Miðað er við að hjólfarafylla og fylla í smærri malbiksskemmdir s.s. steinlos og minniháttar sig í einni yfirlögn. Límbra skal á allt eldra malbik sem lagt verður yfir.

Helstu magntölur eru:

Fræsing	100 m
Malbik, útlögn og líming	10000 m ²
Malbik, efni	1000 tonn

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 4. mars 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð á skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6908, eða með tölvupósti í netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfossi fyrir kl. 11.00 mánudaginn **25. mars 2019** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar



Ökuland ehf.

STÓRA VINNUVÉLANÁMSKEIÐIÐ VERÐUR HALDIÐ Í APRÍL EF NÆG ÞÁTTAKA NÆST.

Skráning er hafin hjá gudni@okuland.is

Unnið í samvinnu við Ökuskóla Nlv.



MÆLASKIPTI

Selfossveitur munu á árinu skipta úr hitaveitu-
mælum framleiddum árið 2014 á dreifisvæði
veitunnar í Árborg.

Það er von okkar að viðskiptavinir taki vel á móti
fulltrúum Selfossveitna og að þeir hafi greiðan
aðgang að inntaki og mælagrind.

Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á net-
fangið selfossveitur@selfossveitur.is. Upplýsingar
eru einnig veittar á afgreiðslutíma mánudaga til
föstudaga frá kl. 10:00 – 16:00 í síma 480 1900.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér
kynnt lýsing að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi.

Vesturhlíð, land úr landi Haga, Rangárþingi ytra

Landeigandi hefur fengið heimild sveitarstjórnar Rangárþings
ytra til að leggja fram deiliskipulag af jörð sinni. Samkvæmt
fyrirliggjandi áformum verður jörðin nýtt undir ferðabjónustu
tengda hestamennsku, reisa á íbúðarhús og skemmu fyrir
lögbylí ásamt reiðhöll. Jafnframt er gert ráð fyrir stórum ein-
býlishúsum í ferðabjónustu, tjaldsvæði fyrir skipulagða hópa á
vegum staðarhaldara ásamt frístundahúsalóðum á 3 stöðum á
jörðinni.

Lýsingin er til kynningar á opnunartíma hjá skipulagsfull-
trúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings
ytra, www.ry.is. Skila má ábendingum við efni lýsingar til
skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða
með tölvupósti, birgir@ry.is.

Kynningu lýsingar lýkur föstudaginn 22. mars 2019,
kl. 15.00.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til
akipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða
með tölvupósti, birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulagsfulltrúi.

Þemadagarnir „Á grænni grein“ í Vallaskóla

Þemadagar hjá yngsta- og
miðstigi Vallaskóla stóðu yfir
dagana 27. febrúar - 1. mars.
Yfirþemað að þessu sinni var
„Á grænni grein“ og vísar í um-
sóknarferli skólans um að verða
grunnskóli á Grænni grein og fá
að flagga grænfána Landvernd-
ar.

Markmiðið að þessu sinni var
að vinna með umhverfismennt
og endurnýtingu ásamt því að
tengja hugtakið Á grænni grein
við velliðan, hreyfingu og góð
samskipti og samvinnu. Stöðv-
arnar voru margar og fjölbreyttar
og voru starfsmenn sammála
um að þetta hafi heppnast vel.

Á yngsta stigi var unnið með

sköpun úr endurnýtanlegu efni
á nokkrum stöðvum. Börnin
bjuggu til hljóðfæri og fengu
jafnframt að spila á þau og skapa
tónlist. Í heimilisfræði unnu þau
með fá hráefni og fengu m.a.
fræðslu um matarsöun og fleira.
Þau fóru í jóga og hugarfrelsi,
bjuggu til gjafapoka, kort og
umslög úr gömlum blöðum svo
eitthvað sé nefnt.

Útvera hluti af þemadögum

Á miðstigi var líka unnið með
endurnýtanlegan efnivið. Börn-
in bjuggu til mósaík-listaverk,
ófu úr gömlum textílefnum, fóru
í Zumba og hreyfingu, bjuggu
til veggspjöld með fræðslu um

umhverfismennt og jörðina okk-
ar, endurnýttu gamla boli og
breyttu þeim í innkaupapoka og
sitthvað fleira. Jafnframt fóru
nemendur af báðum stigum út í
hreyfingu og leiki. Yngsta stigið
fór í göngutúr um nærumhverfið
og í leiki og miðstigið var með
útiratleik.

Við þökkum foreldrum kær-
lega fyrir innlitið á föstudaginn.
Það var gaman að sjá hvað
margir komu í heimsókn. Við
hvetjum ykkur til að aðstoða
okkur við innleiðingu Græn-
fánans. Hjálpumst að, flokkum,
endurnýtum og hugsum vel um
jörðina okkar.

Myndir: GPP



Að kasta krónunni og hirða aurinn

Á 9. fundi bæjarstjórnar Árborgar þann 27. febrúar sl. tók ég til máls undir lið 29 þar sem lögð var fram skýrsla Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings á stjórnarsýsluúttekt Sveitarfélagsins Árborgar. Lýsti ég yfir ánægju minni með að hafa fengið þessa skýrslu í hendurnar og í henni kæmi ýmislegt gagnlegt í ljós sem nýta mætti til að bæta hag sveitarfélagsins bæði fjárhagslega og samfélagslega. Sem dæmi um það minntist ég á að í einhverjum tilfellum liti út fyrir að stjórn sveitarfélagsins hefði verið að spara sér til ógagns eins og ég orðaði það. Við þessum orðum firrtust mjög bæjarfulltrúar D-lista sem átt hafa sæti í bæjarstjórn sveitarfélagsins undanfarin ár og töldu að ég væri að halda einhverju fram sem ekki stæðist eða ég hefði ekki vit á. Ekki ætla ég að rekja það frekar en bendi fólki á að hægt er að horfa á fundinn á Facebook-síðu sveitarfélagsins en sú ánægjulega nýbreytni var tekinn upp á þessum fundi að hann var í beinni útsendingu í hljóð og mynd og verður sá hátturinn hafður á eftirlíðis.

Að spara sér til ógagns

En aftur að orðum mínum að spara sér til ógagns. Síðan ég tók við formennsku í bygginga- og skipulagsnefnd hef ég lagt mig fram við að kynna mér vel starfsemi skipulags- og bygginga-sviðs og kom fljótt í ljós að þar var ekki allt með felldu. Þrátt fyrir mikið álag, allt að því ómanneskjulegt, undanfarin ár sökum mikillar fjölgunar í sveitarfélaginu hefur sviðið liðið fyrir manneklu sem gert hefur það að verkum að starfsmenn þess komast ekki yfir öll þau verkefni sem þeim ber að sinna. Af þeim sökum hafa þeir þurft að forgangsraða og hefur það bitnað beint á tekjuöflun sveitarfélagsins vegna þess að eitt af

Sigurjón Víðalín Guðmundsson,
bæjarfulltr.
A-lista og formaður bygginga- og skipulagsins.
Árborgar.



þeim verkefnum sem ekki hefur verið hægt að sinna er skráning byggingarstiga fasteigna til fasteignamats ríkisins en á þeim byggja fasteignagjöldin sem innheimt eru af sveitarfélaginu. Af þeim sökum er sveitarfélagið að tapa peningum á hverjum degi og eins og flestir vita má það illa við því að fullnýta ekki tekjustofna sína. Það sem er líka athugavert við að ekki næst að skrá byggingarstig fasteigna jafn óðum og breytingar verða, er að í því felst mismunur milli íbúanna, þar sem sá sem er með rétt byggingarstig skráð á sinni fasteign greiðir hærri fasteignagjöld heldur en sá sem er ekki með það rétt skráð þó svo að báðar fasteignir séu á sama byggingarstigi.

Endurskipulagning bygginga- og skipulagssviðs

Það hefur því verið ljóst í nokkurn tíma að það þarf að ráðast í gagngera endurskipulagningu á bygginga- og skipulagssviði. Það verður m.a. gert með því að fjölga starfsfólki, uppfæra skráningarkerfi og verkferla ásamt því að taka í notkun raf-ræn samskipti og sjálfvirkni, þar sem það á við, og auka þannig skilvirkni sviðsins og bæta afkomu þess, bæði fjárhagslega og m.t.t. vellíðan og ánægju starfsfólksins. Á þann hátt er brugðist við ábendingum starfsmanna sviðsins og þjónustan við íbúana aukin. Þessi vinna er nú þegar hafin enda trúum við því ekki að það sé hagstæðara að kasta krónunni og hirða aurinn.

Sunnulækjarskóli heimsækir Héraðsdóm Suðurlands

Mánudaginn 11. febrúar fór hópur nemenda úr 9. og 10. bekk sem eru í lögfræðivali í heimsókn í Héraðsdóm Suðurlands. Þar tók á móti okkur aðstoðarmaður dómara hún Sólveig Ingadóttir, en hún er löglærður fulltrúi og sinnir ýmsum störfum hjá dómnum. Sólveig útskýrði fyrir nemendum hvar hver situr í dómssalnum og hvert hlutverk hvers og eins er ásamt ýmsu öðru sem viðkemur dómnum. Að því loknu fengu nemendur að spyrja hana ýmissa spurninga sem á þeim brunnu. Upp úr þessu spunnust mjög líflegar umræður sem allir höfðu gaman af. Þetta var mjög fróðleg og skemmtileg ferð og



höfðu nemendur orð á því hvað dómssalurinn kom þeim á óvart. „Hann er svo lítill og krútaður.“ Nemendur þökkðu Sólveigu fyrir frábærar og fræðandi mót-tökur.

Fyrir hönd lögfræðivala.
María Ágústsdóttir, kennari



SÖLVI TRYGGVASON - Á EIGIN SKINNI -

Sölvi Tryggvason verður með erindi á Bókasafninu mánudaginn 11. mars kl. 19:30 þar sem hann fjallar um betri heilsu og innihaldsríkara líf í erindi sem hann byggir á bók sinni *Á eigin skinni*. Bókin er persónuleg frásögn þar sem Sölvi fjallar af fullkominni hreinskilni um líf sitt og leiðina til heilbrigðis eftir að heilsa hans hrundi og hann gerðist sérfræðingur í eigin heilsu. Aðgangur er frír og allir velkomnir.

11. MARS KL. 19:30
BÓKASAFN ÁRBORGAR
SELFOSSI



NÝ ÞJÓNUSTA Á SELFOSSI LJÓSMYNDAR PRENTUN

FRAMKALLAÐU MYNDIRNAR
ÞÍNAR HJÁ OKKUR!




prentmet

HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Vantar þig nýjan pall,
nýtt þak eða
jafnvel nýtt hús?



Við tökum að okkur
ýmiskonar viðhalds- og
nýsmíðaverkefni.

Hrímgrund ehf, Þorlákshöfn
hrimgrund@simnet.is - Sími 893 8018



ÖLFUS deiliskipulag

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag tekur yfir hluta af jörðinni Fiskalón í Ölfusi fyrir fiskeldi.

Skipulagslýsing var kynnt opinberlega og tillagan send til lögboðinna aðila samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða þrjár lóðir, lóð A -Fiskalón L171701 sem liggur beggja vegna Þorlákshafnarveggar. Lóðin er 83.047 m². Gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði innan byggingarreits fyrir fiskeldi auk kerja og tæknibúnaðar sem tengist starfsemi. Mesta hæð bygginga frá botnplötu má vera 12 m, hæðafjöldi má vera tvær hæðir. Þakhalli frá 1° til 15°. Nýtingarhlutfall allt 0,15. Heimilt er að setja allt að 2 m háa netgírdingu umhverfis athafnasvæðið. Aðkoma að lóðunum er frá Þorlákshafnarvegi.

Lóðir B, Fiskalón 3822 m² og lóð C, Bakrangur 2500 m², þar má byggja einbýlishús upp á tvær hæðir auk kjallara. Þakhalli frá 1° til 45°. Nýtingarhlutfall 0,25.

Framkvæmdin er háð leyfum samkvæmt skipulagslögum auk laga nr. 80/2012 nr. 71/2008, nr. 9/2009, og nr. 7/1998. Einnig reglugerðum nr. 1170/2015, nr. 798/1999 auk leiðbeiningarrits UST þar um nr. 3/2004.

Minjastofnun bendir á garða sem liggja utan skipulagssvæðis og skulu vera merktir inn á skipulagsupprátt. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir skipulagslýsinguna og tillögu að deiliskipulaginu og gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

Vegagerðin samþykkir ekki krosstengingu á milli lóða sitt hvoru megin við Þorlákshafnarveg, en samþykkir að vegtenging á milli svæða ofan og neðan Þorlákshafnarveggar verði minnst 50 m.

Tillögur liggja frammi á bæjarskrifstofum Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá 6. mars 2019 til 17. apríl 2019. Einnig er auglýsingin og tillögur á heimasíðu Ölfus, www.olfus.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 17. apríl 2019 annaðhvort á heimilisfangið Hafnarberg 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið sigurdur@olfus.is.

F. h. Sveitarfélagsins Ölfuss, Sigurður Ósmann Jónsson

Vetrarfrí fjölskyldunnar á Suðurlandi

Það þarf ekki að leita langt yfir skammt þegar vetrarfrí fjölskyldunnar er annarsvegar. Verkefni sem Markaðsstofa Suðurlands fór af stað með síðastliðið haust ber heitið Vetrarfrí fjölskyldunnar og er unnið í samstarfi við faghóp sveitarfélaga um ferðamál á Suðurlandi. Markmiðið er að draga fram alla þá fjölbreyttu möguleika sem fjölskyldan getur gert saman á Suðurlandi í vetrarfríinu. Það þarf ekki alltaf að fara langar leiðir til þess að komast í skemmtilega afþreyingu eða magnaða upplifun.

Á Suðurlandi er hátt þjónustustig og fjölbreyttir möguleikar í afþreyingu fyrir alla fjölskylduna hvort sem fólk



vill fara í dagsferðir eða lengri ferðir.

Suðurland er einstakur áfangastaður og hefur í raun og veru allt sem Ísland hefur upp á að bjóða, s.s. fossa, fjöll, jökla, eyðisanda, jarðhitann og hraunið auðvitað. Síðan má ekki gleyma mólendinu, sjálfsprottnum birki-skógum og öðrum skógum þar sem kjörið er að njóta útivistar. Á Suðurlandi er gott aðgengi,

stutt í náttúruperlur og ótrúlega margt í boði á litlu svæði, allt frá hálendi niður að sjó. Það er því um að gera að kynna sér nánar hvað er í boði en á síðunni <https://www.south.is/is/hvad-a-ad-gera/vidburdir/veitarfrifjolskyldunnar-a-sudurlandi> er heilmikill fróðleikur um hvað er í boði á Suðurlandi í vetrarfrí fjölskyldunnar.

-gpp

Heilsueflandi samfélag í Hveragerði

Jóhanna M.
Hjartardóttir

Menningar- og
frístundafulltrúi í
Hveragerði



inlegu markmiði í breiðu samstarfi. Heilsueflandi samfélag tengir saman almenna lýðheilsu allra bæjarbúa, skóla og vinnustaða.

Í liðinni viku hófst heilsueflingarverkefni fyrir eldra fólk 60+ og var þátttakan frábær. Um 78 íbúar mættu í heilsufarsmælingar en dagskrá átakins byggir á styrktarþjálfun, þolþjálfun og fræðslufyrirlestrum um næringu, líkamsrækt og andlegt heilbrigði. Jónína Benediktis-dóttir, heilsuþjálfari, leiðir verkefnið fyrir hönd Hvera-

gerðisbæjar í samstarfi við félag eldri borgara.

Í Heilsueflandi samfélagi falla áherslur vel að stefnu bæjarfélagsins hvað varðar stefnumótun og aðgerðir á öllum sviðum og allir hafa þar hlutverki að gegna. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og velliðanar s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að skapa sem ákjósanlegastar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum.



MÍMIR NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANS
AB LAUGARVATNI
SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Mikið hefur verið spennandi að vera hér í skólanum síðastliðnar 2 vikur.

Fimmtudaginn 14. febrúar var dansbyltingin „Milljarður rís“ út um land allt og komu nemendur skólans saman og dönsuðu gegn kynbundnu ofbeldi. Tónlistin var í fullu og skemmtu sér allir, bæði nemendur og kennarar.




Kórinn hefur verið að æfa á fullu og voru tónleikar í Kálholtskirkju þann 1. mars þar sem kór Menntaskólans að Laugarvatni söng ásamt kór Menntaskólans við Hamrahlíð og kór Kvennaskólans í Reykjavík. Tónleikarnir gengu eins og í sögu og sungu allir eins og englar.

Leiklistin er komin í fullan gang og eru stífar æfingar, enda stefnir í dásamlegt leikrit sem verður frumsýnt 22. mars. Frekari upplýsingar koma síðar.

Árlegi Draugagangurinn var haldinn 28. febrúar þar sem hryllingsmyndin IT var sýnd á skjávarpa og meðlimir stjórn nemendafélagsins settu upp braut í skólanum og var draugagangurinn í anda myndarinnar.

Stjórnarmeðlimirnir dreifðu sér um skólann og gerðu sitt besta til að hræða samnemendur sína. Þetta er skemmtileg hefð og nemendurnir skemmtu sér konunglega.



Umsjón: Krístrún Urður og Sindri Bernholt

Litla-Hraun – sögusýning

Í tilefni 90 ára afmælis Fangelsisins á Litla-Hrauni efna fangelsið og Byggðasafn Árnesinga til sögusýningar í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Sýningin opnar á afmælisdeginum föstudaginn 8. mars kl. 17. Á sýningunni er sögð saga fangelsisins. Þróun á starfsemi Litla-Hrauns sem stofnunnar er þar í forgrunni en auk þess er litið inn í veröld fangavárða, fanga og samfélagsins í kring. Sýningin er byggð á ýmsum munum frá fangelsinu, ljósmyndum sem til eru og gagnorðum sýningartextum.

Vinnuhælið á Litla-Hrauni tók til starfa 8. mars 1929 í byggingu í útjaðri Eyrarbakka sem reist var sem sjúkrahús en hóf svo ekki starfsemi sökum fjárskorts. Á þessum tíma voru refsifangamálefni í miklum ólestri og sáu yfirvöld þarna tækifæri til að leysa úr þeim vanda með því að fá sjúkrahúsbyggingunni það hlutverk að hýsa refsifanga. Starfsemin hét Vinnuhælið á Litla-Hrauni og voru jarðirnar Stóra- og Litla-Hraun lagðar undir starfsemina og rekinn búskapur á vinnu-



hælinu til 1970. Síðar var starfseminni breytt úr vinnuhæli í afplánunarfangelsi og starfsemin fékk heitið Fangelsið Litla-Hraun. Stofnunin er stærsta fangelsi landsins og eru þar allt að 87 fangar og 57 stöðugildi. Tíu byggingar eru við fangelsið. Sýningin verður opin allar helgar í mars og apríl kl. 14–17. Auk þess verður sérofnun í kringum páska og opið á sama tíma alla virka daga frá 15. apríl. Sumaröfnun safnsins hefst 1. maí og þá eru söfnin opin upp á gátt alla daga kl. 11–18. Ávallt heitt á könnunni og verið velkominn. Sýningin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

*Byggðasafn Árnesinga og
Fangelsið Litla-Hraun*

Fjöldi fólks á fundi landbúnaðarráðherra í Þingborg

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, boðaði til opins fundar í Þingborg í síðustu viku til að ræða frumvarp um innflutning á ófrystu kjöti og stöðu landbúnaðarins almennt. Óhætt er að segja að fundurinn hafi verið vel sóttur af bændum og öðrum hagsmunaaðilum af Suðurlandi en um 250 manns sóttu fundinn.

Í upphafi fundar var lesin upp áskorun frá 42 félagasamtökum bænda þar sem kom fram að þau: „Leggjast alfarið gegn frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti þann 20. febrúar sl. og felur í sér heimild til þess að flytja inn hrátt, ófrosið kjöt og fersk egg. Verði frumvarpið að veruleika felur það í sér fullkomna uppgjöf í baráttu okkar Íslendinga fyrir því að verja lýðheilsu þjóðarinnar og íslenskra búfjárfstofna sem hafa sérstöðu í alþjóðlegu samhengi,“ sagði meðal annars í áskoruninni, sem var svo afhent ráðherra.

Á fundinum rakti Kristján Þór m.a. sögu málsins og hvers vegna það væri á þeim stað sem það er statt nú. Þá fór hann yfir viðbrögð stjórnvalda í málinu og hvað framundan er. Í kjölfarið gafst fundarmönnum tækifæri til að spyrja ráðherra eða leggja til málanna. Kristján svaraði fundarmönnum og ræddi þær

fyrirspurnir sem komu fram. Þá ítrekaði ráðherra að mikilvægt væri fyrir alla aðila að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda, því það væri vettvangur allra Íslendinga til þess að hafa áhrif á þau mál sem flutt væru í þinginu. Jafnframt gaf hann það sterklega til kynna að hann væri opin fyrir öllum góðum lausnum sem verða mættu til að greiða úr málinu með sem farsælustum hætti.

Á vef atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra: „Ég var virkilega ánægður með kröftugan og málefnalegan fund. Mér finnst vera að skapast meiri skilningur á þeirri staðreynd að stjórnvöld þurfa að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er. Jafnframt að allir aðilar – hvort sem það eru bændur, stjórnvöld eða aðrir – sameinist í því verkefni að setja upp öflugar varnir til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Um leið þurfum við að

sameina krafta okkar í því að draga fram óumdeilda kosti innlendrar matvælaframleiðslu umfram það sem innflutt er þannig að íslenskar vörur verði fyrsti kostur allra neytenda. Ég er sannfærður um að þetta mun takast.“

-gpp

Loftljósið

Hagkvæmur kostur
Tenging sem virkar

Hentar fyrir gagnvirkt sjónvarp

Margir möguleikar í boði

Fjartenging myndavélakerfa,
öryggiskerfa ofl.


Ljósið í loftinu!

Lausnir fyrir þig inni á

www.loftljosið.is

GAGNAVEITAN

Sími 546 0400



Loftljósið næst frá eftirtöldum stöðum:

Seyðishólar - Langholtsfjall - Háafjall - Úthlið - Tóftir
Krosshóll - Hurðarbak - Heklubygð - Lúnansholt
Kálfatjörn - Borgarnes - Þjóðólsholt

Léttum þér lífið
dagar



VERTU Í HÓPI ÁNÆGDRA
VIÐSKIPTAVINA

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipulag og sveigjangleiki hönd í hönd, þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að létta þér lífið með bros á vör

Hafðu samband við Krístrúna í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is
eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, kynning fyrir nýliða
kl. 20:00, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

HEILSA

**Nudd –
Svæðanudd**

Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND


KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bífreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.
**Opíð frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.**

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

**Málari óskar
eftir verkefnum**

Sparsla, grunna, mála.
Faglærður málari óskar eftir
verkefni á Suðurlandi.
Uppl. í síma 777 6466.

BÍLAR

KIETTUR
Bífreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bífreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
 Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

 Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

TIL SÖLU

 Göngubraut á
a ð e i n s
45.000,- Þessi
göngubraut er
algjör draum-
ur, því hægt er
að fella hana
næstum alveg
saman eftir notkun og setja til
hliðar. Frí heimsending.
Hámarks þyngd notanda 90
kg. Uppl. í síma 661 1902.

 Göngubraut /
hlaupabraut á
a ð e i n s
69.500,- Stærð
b r a u t a r
42x115 sm,
h á m a r k s -
þyngd notanda 110 kg.
Hámarks hraði 14 km/klst, 8
prógröm. Sendi frítt hvert á
land sem er. Þrekkæki, uppl. í
síma 661 1902.

FUNDIR

Vöflukaffi

Sautjándi
vöflukaffi
vetrar verður
haldið næsta
föstudag 8.
mars að
Eyravegi 15 á
2. hæð milli
kl. 16 og 18. Gestur okkar
verður dr. Sólveig Þorvalds-
dóttir bygginga og jarð-
skjálftaverkfræðingur, sér-
fræðingur í viðlagakerfum
og fyrrum framkvæmda-
stjóri Almannaþingar ríkis-
ins. Þetta verður eflaust
fróðlegt, ekki síst fyrir íbúa
Árnessýslu. Allir velkomnir.

ÞJÓNUSTA

parketslipunmeistarans.is
Byrjað að bóka niður, sól-
pallaslipun og sólpalla-
smíði. Alhliða
byggingavertaki.
Sími 762 5668.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
Til leigu er 2 herbergja íbúð,
miðsvæðis á Selfossi. Er á jarð-
hæð með sérinngangi. Er laus í
dag. Uppl. í síma 864 1275.

KIRKJUR

Aðventistar

Laugardaginn 9. mars 2018 í
safnaðarheimili aðventista á
Eyravegi 67. Biblíurannsókn
kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12.

Stóra-Núpskirkja

Messa kl. 14 sunnudaginn 10.
mars. Kirkjukórinn leiðir söng-
inn undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista.

Selfoskirkja

Messa kl. 11. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar. Kór kirkju-
unnar syngur, organisti Ester
Ólafsdóttir. Sunnudagaskóli á
sama tíma í umsjón Jóhönnu
Yrar og leiðtoganna. Súpa og
kaffi í safnaðarheimili að
messu lokinni gegn vægu
gjaldi.

Villingaholtskirkja

Guðsþjónusta kl. 13.30.
Prestur sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir. Söngkór Villingaholts-
og Hraungerðissókna syngur
undir stjórn Inga Heiðmars
Jónssonar.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffi-
veitingar. English translation
available. Þriðjudaga kl. 19.30
unglingasamkoma. Bæna-
stundir kl. 18 mánudag og
þriðjudag. selfossgospel.is.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 9.
mars kl. 11:00. Umsjón hefur
Bergþóra Ragnarsdóttir.
Messa sunnudag 10. mars
kl. 11:00. Prestur sr. Egill
Hallgrímsson. Organisti Jón
Bjarnason.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Húsnæði óskast

Óska eftir að taka rúmgott húsnæði
(80 fm +) til leigu/kaupleigu frá
byrjun apríl á friðsælum stað í
suðlægum rúðum við Selfoss/
Hveragerði. Uppl. í síma 483
1041.



Stelpustud

Næstu námskeið vor 2019:
13. mars til 3. apríl

**4 vikna hamingju- og
heilsunámskeið**

fyrir stúlkur 12-15 ára
á miðvikudögum kl. 16-18.
Persónuleg nálgun, aðeins 10 í hóp.
Verð 14.900 kr.

Leiðbeinendur:

Eygló Linda næringarþerapisti C.E.T.
og M.P.N.L.P. undirvitundarfræði.
Iris Bachmann meistari í snyrtifræði
og fördunarfræðingur.

**Jákvæð uppbygging fyrir huga,
líkama og sál. Skemmtileg
verkefni og fræðsla um næringu,
húðumhirðu, skipulag, samskipti,
nýjar venjur, drauma og fleira.**

Skráning hjá Eygló
í síma 891 6552.

Prestsbakkakirkja á Síðu
Guðsþjónusta sunnudag 10.
mars kl. 14:00. Kirkjukór
Prestsbakkakirkju og Ása-
kórinn leiða söng undir stjórn
Zbigniew Zuchowicz.

Mosfellskirkja, Grímsnesi

Öskudagsmessa miðvikudags-
kvöld 6. mars kl. 20.30. Sr.
Kristján Valur Ingólfsson, biskup,
annast prestsþjónustuna
ásamt sr. Agli Hallgrímssyni,
sóknarpresti.
Föstudagsmessa miðvikudags-
kvöld 13. mars kl. 20.30. Sr.
Egill Hallgrímsson annast
prestspjónustuna.

Sólheimakirkja, Grímsnesi

Guðsþjónusta sunnudag 10.
mars kl. 14.00. Sr. Valgeir
Ástráðsson annast prestspjón-
ustuna. Organisti er Ester
Ólafsdóttir.

Skarðskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn
10. mars, kl. 14.00. Aðal-
safnaðarfundur verður haldinn
eftir athöfn. Sóknarprestur og
sóknarnefnd.

Gaulverjabæjarkirkja

Sunnudagur 10. mars. Fjöl-
skylduguðsþjónusta kl. 14. Kór
kirkjunnar leiðir söng. Orga-
nisti Haukur Arnarr Gíslason.
Prestur sr. Arnaldur A. Bárðar-
son.

Eyrbakkakirkja

Sunnudagur 10. mars. Fjöl-
skylduguðsþjónusta kl. 11.00.
Kór kirkjunnar leiðir söng.
Organisti Haukur Arnarr Gíslason.
Prestur sr. Arnaldur A. Bárðar-
son.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

**Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!**



Hafðu samband

Sími 482 1944
dfs@dfs.is



VR PÍPULAGNIR

Gunnar Valgeir Reynisson
Pípulagningameistari
Skráður hjá Mannvirkjastofnun

**Nýlagnir
Efnissala
Öll almenn lagnavinna**



898 1598

vrsumarhus@gmail.com
f VR - Pípulagnir og sumarhúsbjónusta

prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA
S. 482 1944
selfoss@prentmet.is

Hljómsveit Unnar Birnu og Björns Thoroddsen verða með tónleika í Tryggvaskála

Unnur Birna Bassadóttir fiðluleikari og söngkona og Björn Thoroddsen gítarleikari eru á ferð um landið ásamt Selfyssingunum Sigurgeiri Skafta Flosasyni bassaleikara og Skúla Gíslasyni trommara. Þau héldu tónleika fyrir fullu húsi í Midgard Hvolsvelli og Skyrgerðinni Hveragerði við frábærar undirtektir fyrir skemmstu. Tónleikarnir eru mjög fjölbreyttir og taka þau lög frá hinum ýmsu stílum, allt frá Jimi Hendrix og Jethro Tull til Django Reinhardt auk frum-

saminnna laga. Auk þess að segja skemmtilegar sögur leika þau listir sínar á hljóðfærin af mikilli snilli. Enginn ætti að láta þennan viðburð framhjá sér fara og kjörið væri að borða dýrindis kvöldverð á Tryggvaskála fyrir tónleika. Miðasala er á milli.

is og við hurð, en fólk ætti að tryggja sér miða í tíma. Hljómsveit Unnar Birnu og Björns Thoroddsen verða með tónleika í Tryggvaskála Selfossi 16. mars kl. 20.30. Tónleikaröðin er styrkt af SASS.



Orlofshús Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2019

Báran auglýsir orlofshús félagsins í Grýluhrauni 9, við Þverlág 2 og 6, í Svignaskarði (skiptibústaður), í Kiðarskógi 1 í Húsafelli (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri - Ásatún 12, til leigu sumarið 2019 fyrir félagsmenn.

Umsóknarfrestur er frá 6. mars til 27. mars nk. Hægt er að sækja um á orlofsíðu Bárunnar, einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins við Austurveg 56, 800 Selfossi eða í síma þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna 480 5000. Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 29. mars nk.

Verð á vikuvöl í bústöðum er 20.000 kr. og á Akureyri 22.000 kr.

Vikan í bústöðum er frá föstudegi til föstudags.

Vikan á Akureyri er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Tímabilin eru:

Grýluhrauni 9 og Þverlág 2 – frá 31. maí – 31. ágúst.

Akureyri - frá 29. maí – 4. september

Svignaskarð – frá 31. maí – 31. ágúst

Í Kiðarskógi - frá 14. júní – 13. september – aðra hverja viku.

Vikurnar sem um ræðir í Kiðarskógi eru: 14.-21. júní. / 28. júní – 5. júlí / 12. – 19. júlí / 26. júlí. - 2. ágúst / 9. - 16. ágúst / 23. ágúst – 30. ágúst / 6. – 13. september.

Vikurnar sem um ræðir í Þverlág 6 eru: 31. maí – 7. júní / 7-14. júní / 21.-28. júní / 5. -12. júlí / 19.-26. júlí / 2. – 9. ágúst / 16. – 23. ágúst / 30. ágúst - 6. september

Íbúðinni **Sóltúni 28**, Reykjavík verður ekki úthlutað heldur verður hún í sveigjanlegri leigu eins og hingað til.

Greiðslufrestur er 2 vikur eftir að úthlutað verður.

Öllum umsóknum verður svarað.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – Sími 480 5000
baran@baran.is – www.baran.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sumarstörf hjá Sveitarfélaginu Árborg 2019

Eftirfarandi sumarstörf eru laus til umsóknar hjá Sveitarfélaginu Árborg: Hægt er að sækja um öll störfin frá og með miðvikudeginum 6. mars 2019 á heimasíðu Árborgar, www.arborg.is, undir Mín Árborg. Síðan er farið í umsóknir um sumarstörf eftir að viðkomandi hefur skráð sig inn sjálfur (18 ára og eldri). Umsækjendur sem eru yngri en 18 ára þurfa að sækja um í gegnum aðgang foreldra. **Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 1. apríl nk.**

Störf hjá vinnuskólanum

Undir hverju starfi eru verk-, ábyrgðar- og hæfniskröfur.

Verkstjóri vinnuskólans

- Yfirumsjón með flokkstjórum og vinnuhópum vinnuskólans ásamt vinnuskólastjóra
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirðu á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Bílpróf skilyrði
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 22 ár.

Flokkstjórar vinnuskólans

- Umsjón með vinnuhópi vinnuskólans
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirðu á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 20 ár

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, gunnars@arborg.is eða í síma 480 1900.

Störf hjá umhverfisdeildinni

Undir hverju starfi eru verk, ábyrgðar og hæfniskröfur.

Verkstjóri yfir garðslætti

- Umsjón með starfsmönnum sláttuhóps.
- Skipulagning og ábyrgð á garðslætti og hirðingu á opnum svæðum.
- Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.
- Reynsla af viðhaldi véla og vinnuvélaréttindi æskileg.
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 22 ár.

Sumarstarfsfólk í garðslætti

- Vinna við almenn garðyrkjustörf, garðslátt og hirðingu á opnum svæðum.
- Krafist er stundvísi, ástundunar og dugnaðar.
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
- Bílpróf skilyrði og vinnuvélaréttindi kostur.
- Lágmarksaldur 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Birna Kjartansdóttir birna@arborg.is eða í síma 480 1900.

Aðstoðarflokkstjórar vinnuskólans

- Aðstoð með vinnuhóp vinnuskólans
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirðu á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 18 ár

Sumarstörf fyrir ungmenni með skerta starfsgetu

- Almenn sumarstörf
- Sértek verkefni
- Lágmarksaldur 17 ár

Sumarstarfsfólk í almenna garðyrkju

- Vinna við almenn garðyrkjustörf, gróðursetningu, beðahreinsun og umhirðu á opnum svæðum.
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
- Bílpróf æskilegt og lágmarksaldur 18 ár.



Frönskunemendur skelltu sér á franska kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

Menningarferð frönskunemenda

Föstudaginn 8. febrúar fóru 13 frönskunemendur í FSu ásamt kennurum sínum Hrefnu Clausen og Örlygi Karlssyni með litlum langferðabíl frá Guðmundi Tyrtingssyni í menningarferð til Reykjavíkur.

Veðrið var með besta móti, sól, frost og heiðskirt vetrarveður. Í miðbæ Reykjavíkur örkuðu nemendur um og skoðuðu þekkt kennileiti og byggingar með augum frönskumælandi ferðamanna. Fyrst var ferðinni heitið á franskættaða veitingastaðinn Café Paris við Austurvöll þar sem gott var að setjast inn í hlýuna, virða fyrir sér mannlífið og spjalla saman yfir hádegisverði. Á borðum voru litir og blöð sem áhugasamir nemendur dunduðu sér við í vetrarsólinni á meðan beðið var eftir veitingum. Símar fengu góða hvíld á meðan.

Við næsta borð sat blaðamaður nokkur sem gaf sig á tal við kennara og nemendur því þar var kominn fyrur frönskunemandi og löngu útskrifaður stúdent frá FSu.


Að loknum hádegisverði var ferðinni haldið áfram og næsti áfangastaður var Háskólasvæðið við Suðurgötu þar sem flestir nemendur voru að koma í fyrsta sinn. Frá Háskólatorgi var geng-

ið um undirgöng sem liggja að Veröld – húsi Vigdísar Finn-bogadóttur. Eftir stutta viðkomu í Veröld var stokkið yfir götuna og inn í Háskólabíó þar sem mátti sjá fleiri frönskunemendur úr íslenskum framhaldsskólum því sýning frönsku myndarinnar *Louise en hiver – Lovísa missir af lestinni* var að hefjast í boði franska sendiráðsins og Alliance Française í Reykjavík í tengslum við hina árlegu frönsku kvikmyndahátíð í Reykjavík. Eftir kvikmyndasýninguna var haldið heim á leið og gerðu nemendur góðan róm að ferðinni.

SPEKT

Bókhaldsþjónusta Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn

Sími 587 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is


BÓNFÉÐGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990

Verslum við litla manninn

Jiibbii

Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsóllur

Sími 772 6010

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSÍ - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli- þjónustan ehf.

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápaþjónustur
- Almennar raflagnir

Gluggar

Útihúðir Sérsmíði

GK GLUGGAR

Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

glænýr matseðill

Hafid Blaa
restaurant with a view
The Blue Sea

hafidblaa.is • 483-1000
hafidblaa@hafidblaa.is

Rétting og málun

Vottað réttinauðverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Josera.

super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar

Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límíðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is | Filmulausnir
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Félagsheimilið Árnes

hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði.
Húsið rúmar 360 manns í þremur sölum.
Fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni, sundlaug og heitum potti.
Góð aðstaða er fyrir útiþróttir og leiktæki fyrir börn.

Nánari upplýsingar
Kristjana - 486 6100 - kidda@skaidgnup.is
Ari - 893 4426 - ari@skaidgnup.is

www.skaidgnup.is

MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN

Kennslustofa 60

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

FYLGDI

Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands - Eyraeygi 55, Selfossi - www.okuskoli.is